

RÍÓ

301 töl. febrúar 2019

MYNDIR

mánaðarins




ALITA
BATTLE ANGEL
FRUMSÝND 14. FEBRÚAR

FRÍSKANDI BRAGÐ!



FYRIR HREINAR OG
FRÍSKAR TENNUR

Kemur í **Sjónvarp Símans Premium** 4. febrúar



Útgefið í febrúar

DVD


7.02.	Johnny English	Myndform	Gamanmynd	6 ára	10
7.02.	Tumi litli og galdraspegillinn	Myndform	Teiknimynd	Leyfð	11
14.2.	First Man	Myndform	Sannsógulegt	6 ára	19
28.2.	Grinch	Myndform	Teiknimynd	6 ára	12

VOD

1.2.	Jawbone	Myndform	Spennudrama	16 ára	10
1.2.	Símon	Myndform	Barnaefni	Leyfð	10
1.2.	The Changeover	Myndform	Tryllir/ráðgáta	12 ára	11
1.2.	Meet My Valentine	Myndform	Rómantik	Leyfð	11
7.2.	Goosebumps 2: Haunted Hallow...	Sena	Gaman/ævintýri	9 ára	13
7.2.	Tumi litli og galdraspegillinn	Myndform	Teiknimynd	Leyfð	13
7.2.	Nobody's Fool	S & V	Gaman/rómantik	12 ára	14
8.2.	Grace Jones: Bloodlight and Bam	Myndform	Heimildarmynd	Leyfð	15
8.2.	211	Myndform	Spenna/hasar	16 ára	15
11.2.	Smáfótur	S & V	Teiknimynd	Leyfð	16
14.2.	The Girl in the Spider's Web	Sena	Spenna/hasar	16 ára	17
14.2.	Where Hands Touch	Sena	Stríð/rómantik	12 ára	17
14.2.	Lof mér að falla	Sena	Drama/sannsógu.	14 ára	18
15.2.	High-Rise	Myndform	Sálfræðitryllir	16 ára	20
15.2.	Belleville Cop	Myndform	Gamanmynd/hasar	9 ára	20
15.2.	Mói	Myndform	Barnaefni	Leyfð	21
19.2.	A Star is Born	S & V	Drama/tónlist	12 ára	22
21.2.	Bad Times at the El Royale	S & V	Ráðgáta/fléttur	16 ára	24
21.2.	Christopher Robin	S & V	Fjölskyldumynd	Leyfð	25
21.2.	The Hate U Give	S & V	Drama	16 ára	26
21.2.	Can You Ever Forgive Me?	S & V	Sannsógulegt	6 ára	26
21.2.	A Private War	Sena	Sannsógulegt	16 ára	27
21.2.	White Boy Rick	Sena	Sannsógulegt	12 ára	27
22.2.	I Still See You	Myndform	Tryllir	12 ára	28
22.2.	Time Freak	Myndform	Gaman/rómantik	6 ára	28
22.2.	Ronja ræningjadóttir	Myndform	Barnaefni	Leyfð	29
27.2.	Overlord	S & V	Tryllir	16 ára	29
28.2.	Grinch	Myndform	Teiknimynd	6 ára	30
28.2.	The Front Runner	Sena	Sannsógulegt	12 ára	31
28.2.	The New Romantic	Sena	Gaman/rómantik	12 ára	31

Tölvuleikir

15.2.	Far Cry: New Dawn	Myndform	Skotleikur	18+	34
22.2.	Anthem	Sena	Skot- og hasarl.	16+	36



MYNDIR MÁNAÐARINS

301. töl. febrúar 2019

Útgefandi: Myndir mán. ehf., Trönuhrauni 1, 220 Hafnarfirði, sími 534-0417

Heimasíða: www.myndirmanadarins.is

Ábyrgðarmaður: Stefán Unnarsson / myndmark@islandia.is

Texti / Umbrot: Bergur Ísleifsson

Próförk: Veturlíði Óskarsson

Prentun / Bókband: Ísafoldarprentsmiðja


Upplag: 20.000 eintök



DVD Í FEBRÚAR



MYNDFORM




DOMINOS.IS DOMINO'S APP

GREIDDU FYRIRFRAM

MEÐ APPINU EÐA Á NETINU!

Þú getur flýtt fyrir og einfaldað pöntunarferlið með því að nota appið og vefinn. Þar getur þú pantað, greitt fyrirfram og fylgst með pöntuninni.



Stjörnuspá mánaðarins



Vatnsberinn 20. jan. - 18. feb.

Febrúarmánuður verður samkvæmt stjörnunum allsvakalegur fyrir alla sem fæddir eru í Vatnsberanum, sérstaklega þá sem kunna að renna sér á skíðum. Farðu frekar í heitu pottana.



Tvíburarnir 21. maí - 21. júní

Lukkan leikur við þig þessa dagana og sennilega áttu eftir að vinna svín í vörhappdrætti Húsdýragarðsins, þ.e. ef þú kaupir miða. Þér veitir ekkert af því að fara tvisvar í það þann fjórtánda.



Vogin 23. sept. - 23. okt.

Framtíð þín er öll í móðu en það ætti að lagast þegar þú færð þér linsur. Nú verður þú að fara að ákveða í eitt skipti fyrir öll hvað þú ætlar að gera í þessu máli með útrunnu hrútsþungana.



Fiskarnir 19. feb. - 20. mars

Febrúar er góður mánuður til að endurskoða framtíðarplönin og bæta inn í þau því sem þér sást yfir, eins og t.d. að leggja reglulega fyrir til að eiga fyrir fólksku tönnunum. Þú smjattar of hátt.



Krabbinn 22. júní - 22. júlí

Fólk sem fætt er í Krabbamerkinu á mesta og besta samleið með fólki sem fætt er í Steingeitarkerkinu, sérstaklega ef ætlinin er að fara á fjöll einhverntíma í sumar og grilla og þannig.



Sporðdrekin 24. okt. - 21. nóv.

Áhyggjur þínar af stöðunni í alþjóðastjörnmálum eru óþarfar enda hefur þú ekki vit á þeim. Hugsaðu frekar um hluti eins og harðfiskskarækt. Þú ferð á völlinn þann tuttugasta og fimmta.



Hrúturinn 21. mars - 19. apríl

Ástamál þín eru í mikilli upplausn og til að ná aftur jafnvægi þarftu að horfa á nokkrar rómantískar gamanmyndir í mánuðinum. Það kæmi sér líka mjög vel fyrir þig að læra japönsku.



Ljónið 23. júlí - 22. ágúst

Fólk sem fætt er í Ljóninu og hefur ekki enn fundið hinn eina og sanna lífsförunaut sem verður stóra ástin og kletturinn í lífi þeirra til æviloka mun heldur ekki finna hann núna í febrúar.



Bogmaðurinn 22. nóv. - 21. des.

Það gerist ekkert hjá þér í febrúar.



Nautið 20. apríl - 20. maí

Þú hefur farið allt of sjaldan í bíó að undanförunu og verður að laga það ef þú vilt að líf þitt hafi einhvern tilgang og merkingu. Passaðu þig á persónum sem reyna að fá þig með til útlanda.



Meyjan 23. ágúst - 22. sept.

Það birtir til í lífi þínu að kvöldi þess fimmta þegar þú kveikir á lampanum. Taktu þér tak og gakktu frá öllum þínum málum því þú sogast mjög sennilega inn í þotuhreyfil þann þrettánda.




Steingeitin 22. des. - 19. jan.

Ef þú smælur framan í heiminn og hann ulla bara á móti er það skýrt merki um að þú hafir gleymt að bursta í þér tennurnar. Farðu út í bakarí og röflaðu og röflaðu þar til þú færð gefins tebbollu.

Minningar mánaðarins



Bandaríski leikarinn Ken Jeong sem er m.a. þekktur fyrir hlutverk sín í myndum eins og *Hangover*-þríleiknum, *Crazy Rich Asians*, *The Duff*, *Pineapple Express*, *Goosebumps 2*, *Haunted Halloween*, *Transformers 3* og fleirum er lækni að mennt. Foreldrar hans voru kóreskir innflytjendur.



Leikkonan Tiffany Haddish á fjögur systkini og ólst ásamt þeim að mestu upp hjá móður sinni eftir að faðir þeirra yfirgaf fjölskylduna og hvarf. Eftir að móðir hennar hafði lent í bílslysi og skaddast á heila gat hún ekki lengur hugsað um börnin og voru systkinin þá send hingað og þangað í fóstur. Aðeins 15 ára að aldri var Tiffany farin að koma fram sem uppistandsgrínari og árið 2017 var hún í fyrsta sinn valin gestastjórnandi *Saturday Night Live*-þáttar. Fyrir það hlaut hún Emmy-verðlaunin í fyrra.



Þau Whoopi Goldberg og Robert De Niro hafa verið bestu vinir í rúmlega þrjátíu ár. „Við erum systkini“, hefur Whoopi sagt um hið nána samband þeirra.



Amandla Stenberg á bandaríska móður sem rekur ættir sínar til Suður-Afríku en faðir hennar er danskur og amma hennar í föðurætt er inúítí frá Grænlandi.



Þeir Tom Hiddleston og Eddie Redmayne hafa þekkt síðan þeir lentu saman í bekk við nám í Eton-skóla. Vilhjálmur prins var í sama bekk.




Hjónin Sam Elliott og Katherine Ross eiga 35 ára brúðkaupsafmæli um þessar mundir, en Sam er nú eins og kunnugt er tilnefndur til Óskarsverðlauna í fyrsta sinn fyrir frammistöðu sína í myndinni *A Star is Born*. Katherine þekkjá líka margir enda hefur hún leikið í fjölmörgum kvikmyndum og var einmitt tilnefnd til Óskarsverðlauna árið 1968 fyrir eina þá fyrstu, *The Graduate*, þar sem hún lék unustu Dustins Hoffman.



Jeff Bridges hefur eins og allir vita leikið í mörgum eftirminnilegum og þekktum myndum en um leið eru þau líka orðin mörg hlutverkin sem runnu honum úr greipum, í sumum tilfellum vegna þess að annar var tekinn fram yfir hann, í sumum vegna þess að tókutíminn stangaðist á við önnur verkefni og í öðrum tilfellum vegna þess

að hann hafnaði hlutverkinu. Til gamans er hér listi yfir tíu þekktar og vinsælar myndir sem hefðu getað verið með Jeff Bridges í aðalhlutverki en voru það ekki.

1. *Taxi Driver*
2. *Speed*
3. *Fatal Attraction*
4. *Total Recall*
5. *Apocalypse Now*
6. *The Thing*
7. *Love Story*
8. *Big*
9. *An Officer and a Gentleman* og
10. *Escape from New York*.



Þann 9. febrúar verða liðin 40 ár frá því að mynd Walters Hill, *The Warriors*, var fumsýnd. Myndin fékk misjafna dóma gagnrýnenda en varð alveg feikivinsæl og telst til „cult“-mynda í dag. Hins vegar vakti hún einnig miklar deilur á sínum tíma enda þótti sýnt að efni hennar hefði leitt beint til götugengjardaga sem aftur kynti verulega undir umræðuna á sínum tíma um áhrif ofbeldis í bíómyndum á áhorfendur.

VIÐ ÖLL TÆKIFÆRI



HRÖKKBRAUÐIÐ OKKAR



Njótið góðra stunda
með fjölkorna súrdeigs
hrökkbrauði frá Wasa.





Mér hefur alltaf fundist skemmtilegast að leika „vonda kallinn“ þannig að það er ekki bara tilviljun að ég hef leikið hann svo oft á mínum ferli. Ég bað um það.

- Ian McShane.




Ég sé mest eftir að hafa ekki uppgötvað það fyrr hvað mér finnst gaman að vera móðir. Ef ég hefði áttað mig á því fyrr hefði ég ekki gift mig þrisvar.

- Whoopi Goldberg, sem á eina dóttur, Alex Martin (f. 1973), frá sínu fyrsta hjónabandi.




Ég elskaði *Hunger Games*- og *Mortal Instruments*-sögurnar en upphaldsbókin mín er *A Tree Grows in Brooklyn* eftir Betty Smith. Það er dásamleg saga.

- Amandla Stenberg.



Ég held að ég hefði getað orðið áhugaverðari leikari ef ég hefði verið formlegri en ég var og undirbúið mig betur undir hlutverkin. Ef ég sé eitthvað sem ég lék í fyrir 10 árum eða meira þá langar mig stundum til að geta farið til baka og gert það betur.

- Sam Elliott, um það hvort hann sjái eftir einhverju varðandi ferlinn.



Fólk heldur oft að vegna þess að mér hefur tekist að fá það til að hlæja í bíómyndum og í sjónvarpi þá muni ég gera það líka þegar það hittir mig í eigin persónu. Þetta er mikill misskilningur. Ég er sennilega einn ófýndasti maður sem þú getur hitt.

- Rowan Atkinson.



Þetta eru upphaflega varnarviðbrögð úr æsku minni til að reyna að halda kvölurum mínum frá mér. Síðar tók ég þetta með mér í sviðsframkomuna, en alltaf á jákvæðan hátt. Það vogar enginn sér að rífa kjaft við mig.

- Grace Jones, spurð um aggressíva framkomu sína á sviði.



Fólk talar um að innflytjendur komi vegna þess að þeir séu að flýja stýrjaldir eða ofsóknir og svo er talað um efnahagsflóttafólk. Flestir gleyma því að aðalástæðan fyrir því að fólk flytur til annarra landa er til að börnin þeirra geti átt betra líf en þau hafa átt sjálf. Þannig var það í mínu tilfalli.

- Omar Sy, en foreldrar hans eru frá Míritaníu og Senegal.



Mig langaði alltaf að leikstýra. Ég var búinn að lofa mér því að láta þann draum rætast um fertugt.

- Bradley Cooper, sem varð 44 ára 5. janúar.



Ég lít ekki á skilnað sem endi, heldur byrjun.

- Olga Kurylenko, sem er tvígift og tvískilin.



Ég er löngu hættur að taka gagnrýni inn á mig, hvort sem hún er neikvæð eða jákvæð. Sumt gengur einfaldlega upp á meðan annað gengur einfaldlega ekki upp.

- Nicolas Cage.



Ísland er einn af nokkrum stöðum í heiminum sem láta mann finnast maður vera á annarri plánetu vegna þess að landslagið þar er svo einstakt. Stundum fær maður á tilfinninguna að maður sé á tunglinu. Stærðarhlutföllin eru líka einhvern veginn öðruvísi, fjöllin tilkomumeiri og himinninn tvöfaldur að stærð. Og vötnin eru með lit sem ég hef hvergi séð annars staðar. Svo eru góðar líkur á að maður rekist á fimm manns sama daginn sem heita í höfuðið á þór. Að vera að leika í mynd á landinu þar sem hann var í hávegum hafður og á meðal þjóðar sem skrifaði og varðveitti sögurnar var einstök tilfinning.

- Tom Hiddleston, um reynslu sína af Íslandi þegar hann var hér að leika í *Thor: The Dark World*.




Þetta er svona hænu-og-egg leikur. Til að fá einhvern til að fjármagna þá þarftu að vera kominn með þekktu leikara en til að fá þekktu leikara þá verður þú að vera kominn með fjármagn.

- Richard E. Grant, um framleiðslu kvikmynda í Hollywood.



Todd Phillips er auðvitað upphaldsleikstjórinn minn enda réð hann mig í fyrstu *Hangover*-myndina. Annars væri ég ekki leikari.

- Ken Jeong.



Pride and Prejudice. Ég sá hana 4 þúsund sinnum. Ég er ekki að grínast. Ég kann handritið utanað.

- Claire Foy, spurð um hver væri upphaldsmyndin hennar.



Ég fékk hlutverk í grískum harmleik strax eftir útskrift. Síðan hef ég aldrei verið verkefnaus. Ég þekki því ekki þetta ströggli sem margir leikarar upplifa.

- Hayley Atwell.

Langar þig að hætta að reykja?

Nicorette nikótínlyf draga úr nikótínþörf og fráhrarfseinkennum og auðvelda þér að hætta að reykja.



Nicorette nikótínlyf hjálpa þér að halda reykbindindi með því að koma í stað nikótínsins sem fæst úr reykningum og draga þannig úr líkamlegum fráhrarfseinkennum.

 **nicorette**[®]
gerðu eitthvað magnað



Fyrsti sigurinn er á sjálfum sér

Jimmy McCabe er fyrrverandi hnefaleikamaður sem fór illa með tækifæri sín þegar áfengisdrykkja hans fór fram úr öllum skynsemismörkum. Slyppur og snauður eygir Jimmy litla von um að ná sér á strik, eða allt þar til honum býðst að taka þátt í ólöglegum bardaga þar sem allt er lagt undir.

Jawbone hefur hlotið mikið lof gagnrýnenda, ekki síst fyrir góðan leik og afar gott handrit en segja má að fyrir utan söguna og það sem aðalpersónan gengur í gegnum til að komast aftur í hringinn sé myndin trúverðugt innlit í heim breskra hnefaleika þar sem raunsæið er í fyrirrúmi. Þess má geta að írski hnefaleika-meistarinn og fyrrverandi WBA-heimsmeistari, Shane McGuigan, var ásamt syni sínum Barry McGuigan ráðgefandi varðandi útfærslu hnefaleikatriðanna í myndinni með það að markmiði að gera þau sem allra líkust raunveruleikanum.

Punktur

★★★★ - *Total Film* ★★★★★ - *The Mirror* ★★★★★ - *Hollywood News*

- Handritið að *Jawbone* var tilnefnt til BAFTA-verðlaunanna í fyrra sem besta frumraunin en það er eftir aðal-leikarann Johnny Harris sem byggði það að hluta til á eigin reynslu, en hann reyndi fyrir sér í veröld hnefaleika áður en hann gerðist leikari.

- *Jawbone* var enn fremur tilnefnd til sjö verðlauna á hátíð óháðra kvikmyndaframleiðenda í Bretlandi 2018.

- Tónlistin í myndinni er eftir Paul Weller sem flestir þekkja sem aðal-mann bresku hljómsveitanna The Jam og Style Council á árum áður.




Johnny Harris leikur hnefaleikamanninn Jimmy McCabe og Michael Smiley leikur hinn eitilharða þjálfara hans, Eddie.



Aðalhl.: Johnny Harris, Ray Winstone, Michael Smiley og Ian McShane **Leikstjórn:** Ben Young **Útgef.:** Myndform

Drama/hnefaleikar

1. febrúar




Símon

Sjö þættir um fjallhressa kanínustrákinn Símon

Teiknimyndabættirnir um Símon eru byggðir á metsölubókum Stephanie Blake sem hafa verið þýddar á yfir 20 tungumál og hafa þessir þættir notið mikilla vinsælda á sjónvarpsstöðvum víða um heim, þ. á m. á RÚV.

Símon er eldhress kanínustrákur sem lætur sér fátt óviðkomandi og er óhræddur við að prófa og læra eitthvað nýtt. Um leið á hann það til að gera mistök en þótt hann sé svona lítill er hann með stórt hjarta og er ávallt fljótur að sjá muninn á röngu og réttu.



Teiknimyndir um Símon kanínustrák og uppátæki hans á hverjum degi **Útgefandi:** Myndform

Barnaefni

1. febrúar




Horfst í augu við óttann

Laura Chant er sextán ára gömul stúlka sem býr með móður sinni og fjögurra ára bróður í úthverfi borgarinnar Christchurch á Nýja-Sjálandi. Dag einn fær hún sterkt hugboð um að einhver hættu vofi yfir fjölskyldu hennar og áður en varir breytist það hugboð í æsispennandi baráttu við illar vættir.

The Changeover er allt í senn tryllir, ráðgáta og þjóðsöguleg fantasía enda teljast nokkrar af persónum sögunnar ekki mennskar og aðrar ráða yfir hæfileikum sem aðeins eru á færi norna og galdrakarla. Þannig lítur Carmody Braque (Timothy Spall) út fyrir að vera mennskur en er í raun ævaforð óvættur sem lifir á því að taka yfir líkama ungs fólks þegar líkaminn sem hann komst yfir síðast er orðinn of gamall. Þegar Carmody merkir hinn fjögurra ára gamla bróður Lauru sem sitt næsta fórnarlamb snýst hún til varnar og kemst að því að besta leiðin til að ráða niðurlögum Carmodys og bjarga lífi bróður síns er að henni takist að breyta sjálfri sér í norn. En til að það heppnist þarf tíma og hann er af skornum skammti ...

Punktur

- *The Changeover* er byggð á samnefndri bók nýsjálenska rithöfundarins Margaret Mahy (1936–2012) sem kom út árið 1984 og hlaut m.a. bresku Carnegie-verðlaunin á sínum tíma sem besta unglingsaga ársins. Margaret var gríðarlega afkastamikill rithöfundur og eru margar teiknimyndabóka hennar og skáldsagna, s.s. *The Changeover*, *A Lion in the Meadow*, *The Seven Chinese Brothers*, *The Haunting* og *The Man Whose Mother was a Pirate* taldar til þjóðargersema Nýja-Sjálands.



Erana James og Timothy Spall í hlutverkum sínum í myndinni.



Aðalhl.: Erana James, Timothy Spall, Nicholas Galitzine og Melanie Lynskey **Leikstj.:** Andrew Niccol **Útg.:** Myndform

Tryllir/ráðgáta

1. febrúar

Enginn veit hvað átt hefur ...

Þegar Tom Bishop kemst að því að hann er haldinn ólæknandi sjúkdómi sem læknar segja að muni draga hann til dauða innan árs ákveður hann að nota tímann sem eftir er til að finna konu sinni nýtt mannsefni og um leið átta ára dóttur þeirra nýjan föður. Á þessari áætlun eru auðvitað ótalmargir gallar!

Hér er á ferðinni rómantísk mynd með gamansömu ívafi, en sagan býður einnig upp á skemmtilega fléttu sem margir eiga eftir að hafa gaman af. Þau Tom og Valentine hafa verið gift í áratug, en vegna anna beggja við eigin starfsframa hafa þau fjarlægst hvort annað og væru sennilega skilin ef þau ættu ekki barn saman. Þetta kemur samt ekki í veg fyrir að Tom ákveður að finna Valentine nýtt mannsefni á stefnumótasiðu á netinu. Málið vandast þegar honum er gert að fylla út upplýsingar um hana því um leið kemst hann að því að hann veit í raun alveg sáralítið um konuna sem hann hefur verið kvæntur í öll þessi ár ...



Scott Wolf og Courtney Ford leika Bishop-hjónin Tom og Valentine.



Aðalhlutverk: Scott Wolf, Courtney Ford, Brady Smith og Jay Black **Leikstjórn:** Brian Herzlinger **Útg.:** Myndform

Rómantík

1. febrúar

Treystu innsæinu!

Þegar voldug og stórhættuleg glæpasamtök komast yfir raunveruleg nöfn allra nýsónara bresku leyniþjónustunnar kemur ekkert annað til greina en að kalla í snjallasta nýsónara heims og fá hann til að fara í málið. Sá maður heitir Johnny English.

Já, Johnny English mætir hér á svæðið á ný til að ganga á milli bols og höfuðs á hættulegustu óvinum Bretlands. Að vísu er hann í upphafi myndarinnar sestur í helgan stein eftir áratugaþjónustu við ættjörðina og farinn að dunda sér við aðra hluti en þar sem allir aðrir nýsónarar leyniþjónustunnar eru úr leik var einfaldlega ekki um aðra að ræða. Að sjálfsögðu skorast Johnny ekki undan kallinu frekar en fyrri daginn og hefur strax að rannsaka málavöxtu ásamt dyggum aðstoðarmanni sínum, Bough. Grunurinn beinist fljótlega að hakkaragengi í Suður-Frakklandi og hinni fögru Ophelíu sem virðist vera höfuðpaur þess og aðalskipuleggjandi. Hvort það sé rétt eða ekki kemur í ljós því ef einhver getur komist til botns í dularfullum málum eins og þessum þá er það Johnny English ...



Johnny English Strikes Again

Gamanmynd



Aðalhlutverk: Rowan Atkinson, Olga Kurylenko, Emma Thompson, Ben Miller, Jake Lacy, Miranda Hennessy, Pippa Bennett-Warner og Adam James **Leikstjórn:** David Kerr **Útgefandi:** Myndform

7. febrúar



Rowan Atkinson er engum líkur og fer ávallt létt með að kæta áhorfendur með kostulegum tóktum og svipbrigðum, svo ekki sé talað um rannsóknaraðferðirnar sem Johnny English beitir!

Punktar

- Í myndinni koma fram í aukahlutverkum nokkrir gamlir og góðir breskir leikarar, þ. á m. þeir Charles Dance, Michael Gambon og Edward Fox, en þeir eiga það allir sameiginlegt ásamt Ölgu Kurylenko og Rowan Atkinson að hafa leikið í *James Bond*-myndum.
- Bíllinn magnaði sem Johnny English ekur í myndinni og er af gerðinni Aston Martin V8 Vantage Classic er í raun í eigu Rowans Atkinson.



Veistu svarið?

Rowan Atkinson er auðvitað einna best þekktur fyrir að túlka titilpersónurnar Bean og Blackadder í samnefndum sjónvarpsþáttum en á einnig langan kvikmyndaferil að baki sem hófst árið 1983 þegar hann lék í *James Bond*-mynd. Hvaða mynd?



Never Say Never Again.



Emma Thompson leikur forsætisráðherra Bretlands sem verður að láta til sín taka þar sem MI-6 leyniþjónustan er í lamasessi.



Aðahl.: Caleel Harris, Jeremy Ray Taylor, Madison Iseman og Ken Jeong **Leikstjórn:** Ari Sandel **Útgefandi:** Sena

Grín / Ævintýri

7. febrúar

Sögurnar lifna við – aftur!

Þegar skólafélagarnir Sonny og Sam fá það verkefni að hreinsa drasl út úr yfirgefnu húsi uppgötva þeir leyristað þar sem einhver hefur falið gamla kistu. Í ljós kemur að kistan inniheldur eina af hinum mögnuðu bókum eftir R.L. Stines sem ekki má opna því þá sleppa skelfilegar sögupersónurnar út í raunheima. En Sonny og Sam vita ekkert um þau álög og opna bókina!

Kvikmyndin *Goosebumps* sló eins og margir muna í gegn fyrir þremur árum en hún var gerð eftir samnefndum bókum rithöfundarins R.L. Stine sem m.a. hafa komið út á Íslandi hjá bókaforlaginu Sölu undir heitinu *GæsaHúð*. Hér er fyrst og fremst um græskulaust grín og gaman að ræða en þó með bæði spennu- og hrollvekjívafi enda eru margar af persónum myndarinnar nokkuð ófrýnilegar og aðstæðurnar sem menntu persónurnar lenda í ekki beint öfundsverðar ...

Punktur

★★★★1/2 - *A. Chronicle* ★★★★★1/2 - *R.Ebert.com* ★★★★★1/2 - *Globe and Mail*

- Jack Black sem lék rithöfundinn R.L. Stine í fyrri myndinni kemur einnig fram í þessari mynd en í þetta sinn í frekar litlu hlutverki.

- Takið eftir hinum raunverulega R.L. Stine sem kemur fram undir lok myndarinnar í hlutverki mannsins sem afhendir vísindaverðlaunin.

- Leikstjóri myndarinnar er Ari Sandel sem hlaut Óskarsverðlaunin árið 2007 fyrir stuttmyndina, *West Bank Story*, og leikstýrði m.a. hinni þrælfinu mynd *The Duff* árið 2015.



Þeir sem höfðu gaman af fyrri myndinni eiga örugglega eftir að hafa gaman af þessari.



Margur er knár þótt hann sé smár

Tumi litli er fátækur bóndasonur sem dag einn fær það verkefni í hendur að bjarga konungsríkinu frá því að lenda í höndum illrar nornar. Til að geta gert það fær hann ómetanlega aðstoð frá hugrakkri prinsessu, rísa, dularfullum þjófi og ekki síst galdraspegli sem sér inn í framtíðina.

Tumi litli og töfraspjallinn er spænsk teiknimynd sem að hluta til er byggð á barnabók franska skáldsins og stjórnmálamannsins Édouards René de Laboulaye, *Le Prince Caniche*, en Édouards er annars þekktastur fyrir baráttu sína gegn þrælahaldi og fyrir að hafa átt bæði hugmyndina að og staðið fyrir gerð Frelsisstýttunnar sem Frakkar færðu Bandaríkjunum að gjöf árið 1886. Sagan er um hina sígildu baráttu á milli góðs og ills og mikilvægi vináttunnar og samtakamáttarins, en hún gerist í sannkölluðu ævintýralandi þar sem drekar og ýmis önnur furðudýr taka virkan þátt í ævintýralegru atburðarásinni.

Punktur

- *Tumi litli og galdraspeglinn* var tilnefnd til spænsku kvikmyndaverðlaunanna 2016 sem besta teiknimyndin.



Teiknimynd með íslensku tali **Útgefandi:** Myndform

Teiknimynd

7. febrúar



Aðalhl.: Tiffany Haddish, Tika Sumpter, Omari Hardwick og Whoopi Goldberg **Leikstjórn:** Tyler Perry **Útgefandi:** Síminn og Vodafone

Gamanmynd

7. febrúar

Sá eini rétti?

Þegar hin fjallhressa og óbeislaða Tanya er látin laus úr fangelsi kemur það í hlut Danicu systur hennar að taka á móti henni og hýsa hana þar til Tanya hefur komið undir sig fótunum. Segja má að allt fari upp í loft hjá þeim systur þegar Tanya uppgötvar að ástamál Danicu eru í alvarlegu ólagi.

Hér er á ferðinni hröð og fjörug gamanmynd sem gæti allt eins flokkast sem farsí. Málið með Danicu er að skömmu eftir að fyrrverandi kærasti hennar yfirgaf hana hóf hún samband við mann á netinu sem kveðst heita Charlie en Danica hefur samt aldrei séð í eigin persónu. Á sama tíma á hún sér fleiri vonbiðla en hefur ekki fundið neistann með neinum þeirra ... nema hinum óséða Charlie sem hún spjallar við á netinu á hverjum degi. Við þetta ástand í ástamálum systur sinnar getur Tanya ekki sætt sig og einsetur sér að greiða úr málunum á sinn einstaka hátt ...

Punktur

- Leikstjóri og handritshöfundur myndarinnar, Tyler Perry, er einna þekktastur fyrir gamanmyndir sínar um hina óvenjulegu Madeu, en fyrsta myndin um hana, *Madea's Family Reunion*, var gerð árið 2006 og sló hressilega í gegn. Tyler lék sjálfur nokkrar af persónum hennar, þ. á m. Madeu og hefur gert það síðan í fleiri myndum sem flestar hafa notið mikilla vinsælda.



Tika Sumpter og Tiffany Haddish leika systurnar ólíku Danicu og Tanyu og Whoopi Goldberg leikur móður þeirra Lolu í þessari nýjustu gamanmynd Tylers Perry.

- Grínistinn Kevin Hart kemur fram í *Nobody's Fool* í skemmtilegu aukahlutverki.



Gina Rodriguez brosti út að eyrum í New York 22. janúar, kannski vegna þess að hún hefur verið ráðin til að leika teiknimyndapersónuna Carmen Sandiego í leikinni mynd sem gera á um hana.



Á sama tíma sprangaði Chris Pine um New York í brúnu en hann mun leika flugkappann Steve Trevor á ný í *Wonder Woman 2* þrátt fyrir að Steve hafi ekki náð að lifa fyrri myndina af.



Vinkonurnar Uma Thurman og Salma Hayek voru hins vegar staddir í París á sama tíma og mættu báðar í svörtu í kokteilpartý á vegum Boucheron-skartgripaframleiðandans.



Konan sem þorði að lifa

Kraft- og yfirgripsmikil heimildarmynd um lífsstarf Grace Jones sem varð ein af ofurfyrirsætum áttunda og níunda áratugar síðustu aldar og sló um leið í gegn sem tónlistarkona auk þess sem hún lék í nokkrum bíómyndum.

Grace Jones fæddist á Jamaica í maí 1948 en fluttist 13 ára gömul til New York. Þar leið ekki á löngu uns hún var komin á fyrirsætusamning sem leiddi til enn stærri samninga við tískufyrirtæki eins og Yves St. Laurent og Kenzo. Árið 1977 skrifaði hún síðan undir plötusamning við Island Records og má segja að hún hafi átt sviðið á uppgangsrúm Stúdíós 54 í New York sem var nokkurs konar vagma diskótónlistarinnar. Í myndinni er farið yfir feril hennar en um leið kynnumst við persónunni á bak við sviðsútlitið, móðurinni og ömmunni sem hefur ætíð ræktað sambandið við heimaland sitt þrátt fyrir minningar um mjög erfiða barnæsku ...

Punktur

★★★★★ - *CineVue* ★★★★★1/2 - *N.Y. Times* ★★★★★1/2 - *Screen Internat.*
★★★★★ - *L.A. Times* ★★★★★ - *Wrap* ★★★★★ - *Time Out* ★★★★★ - *Guardian*

• *Bloodlight and Bami* hefur eins og sést hér að ofan fengið góða dóma gagnrýnenda og hlotið nokkur verðlaun, þ. á m. á kvikmyndahátíðinni í Washington í fyrra þar sem hún var valin besta heimildarmyndin. Þess má geta að orðið „bloodlight“ vísar í rauðu aðvörunarljósinn sem kvikna í hljóðverum þegar upptökur eru í gangi og orðið „bami“ þýðir „brauð“ á móðurmáli Grace Jones.



Grace Jones, sem varð sjötug í fyrra, ásamt höfundu myndarinnar, Sophie Fiennes.

• Þess má líka geta að höfundur myndarinnar, Sophie Fiennes, er systir þeirra Ralphs og Josephs Fiennes.

Heimildarmynd um tónlistarkonuna Grace Jones
Höfundur: Sophie Fiennes Útgefandi: Myndform

Heimildarmynd

8. febrúar



Bara einn dagur enn ...

Lögreglumaðurinn Mike Chandler er nýbúinn að missa eiginkonu sína úr krabbameini og er því ekki upp á sitt besta þegar honum og félaganum Steve, er falið að taka ungan mann, Kenny, með sér í venjubundna eftirlitsferð. Áður en varir breytist verkefnið hins vegar í skotbardaga við þungvopnaða bankaræningja sem hlifa engum sem stendur í vegi þeirra.

Premenningarnir í lögreglubílnum vita vart hvaðan á sig stendur veðrið þegar þeir aka inn á vettvang ransins og verða þegar fyrir kröftugri kúlunahrið. Með snaræði tekst Mike og Steve að komast í skjól en hinn ungi Kevin hleypur út úr bílnum og reynir að fela sig í aftursæti annarrar bifreiðar. Það kemur í veg fyrir að Mike geti hörfað og í gang fer æsileg barátta þar sem hann freistar þess að bjarga bæði sér og Kevin áður en það er of seint. Þess má geta til gamans að einn af bankaræningjunum miskunnarlausu, Luke, er leikinn af syni Nicolas Cage, Weston Cage.



Nicolas Cage leikur lögreglumanninn Mike Chandler í 211, en heiti myndarinnar vísar í kallnúmer lögreglunnar í Los Angeles þegar um er að ræða rán.

Aðalhlutverk: Nicolas Cage, Dwayne Cameron og Cory Hardict Leikstjórn: York Shackleton Útgef.: Myndform

Spenna/hasar

8. febrúar





Smáfótur
Teiknimynd

VOD L 109 mín

Íslensk talsetning: Eyþór Ingi Gunnlaugsson, Þórdís Björk Þorfinnsdóttir, Sigurður Þór Óskarsson, Davíð Guðbrandsson, Þuríður Blær Jóhannsdóttir, Orri Huginn Ágústsson, Oddur Júlíusson, Þórhallur Sigurðsson o.fl. **Leikstjórn:** Rósa Guðný Þórsdóttir
Útgefandi: Síminn og Vodafone

11. febrúar




Mígó fer í leiðangur

Það er alltaf gaman að sjá góðar og myndnar teiknimyndir og þann 11. febrúar kemur ein slík út á VOD-leigunum. Þetta er myndin *Smáfótur* sem byggð er á teiknimyndasögunni *Yeti Tracks* eftir Sergio Pablos, þeim sama og skapaði sögunnar um hinn önunga en stórsnjalla Gru og litlu gulu skósveinana.

Myndin fjallar um samfélag snjómannna hátt uppi í snæviþökum fjöllum sem vita ekki að til séu önnur siðuð samfélög en þeirra eigið. Sögur hafa vissulega sprottið upp af smáskrímslum sem hafa komið röltandi upp í fjöllin en öllum slíkum sögum hefur verið vísað frá sem hjátrú í besta falli og bulli og vitleysu í því versta. Það kemur því fát á einn ungan snjómann, Mígó, þegar hann rekst einmitt á svona smáskrímsli í eigin persónu sem því miður sleppur þó úr greipum hans. Mígó reynir að segja hinum snjómönnunum frá þessu en uppsker bara hæðni og hlátur. Við það getur hann alls ekki sætt sig og ákveður því að sanna sitt mál í eitt skipti fyrir öll ...

Punktar
★★★★ - *Empire* ★★★1/2 - *L.A. Times* ★★★1/2 - *C. Sun-Times* ★★★1/2 - *Wash. Post* ★★★1/2 - *H. Reporter* ★★★1/2 - *E.W.*

• Myndin verður bæði gefin út með íslensku og ensku tali og í ensku útgáfunni eru það m.a. þau Channing Tatum, James Corden, Zendaya, Common, LeBron James, Gina Rodrigues, Patricia Heaton og Danny DeVito sem ljá persónunum raddir sínar.



Fortíðin gleymir engu

Pau Lisbeth Salander og blaðamaðurinn Mikael Blomkvist hittast á ný og takast nú á við flókið glæpamál og ráðgátu þar sem miskunnarlausir morðingjar, tölvuhakkarar og spilltir útsendarar yfirvalda koma við sögu ásamt tvíbúrasystur Lisbeth, Camillu, sem reynist hennar erfðasti andstæðingur.

The Girl in the Spider's Web er gerð eftir fjórðu bókinni um þau Lisbeth Salander og Mikael Blomkvist en hún er eftir rithöfundinn David Lagercrantz sem var fenginn til að halda áfram með söguna um þessar persónur sem Stieg Larsson skapaði áður en hann féll frá árið 2005. Bókin heitir á íslensku *Það sem ekki dreypur mann* en við förum ekki nánar út í söguna hér af tillitssemi við þá sem hafa hvorki lesið hana né sáu myndina í bíó enda er atburðarásin uppfull af vægast sagt óvæntum vendingum og fléttum sem langskemmtilegast er að láta koma sér á óvart ...

Punktur

★★★★1/2 - *Observer* ★★★★★ - *Film Journal* ★★★★★ - *The Wrap*
 ★★★★★1/2 - *Rolling Stone* ★★★★★1/2 - *IGN* ★★★★★ - *E.W.* ★★★★★ - *Empire*

• Með hlutverk Lisbeth í þetta sinn fer enska leikkonan Claire Foy og í hlutverki Mikael er nú Íslendingurinn Sverrir Guðnason sem síðast túlkaði Björn Borg í myndinni *Borg McEnroe*. Um leikstjórnina sá svo Fede Alvarez sem gerði m.a. myndina *Evil Dead* og sendi síðast frá sér spennutryllinn magnaða, *Don't Breathe*.

• Þess má geta að til stendur að kvikmynda fimmtu bókina, *Mannen som sökte sin skugga*, en hún nefnist *Stúlk-an sem gat ekki fyrirgefið* á íslensku.



Enska leikkonan Claire Foy hefur nú tekið við hlutverki Lisbeth Salander.



VOD 16 117 min

Aðalhl.: Claire Foy, Sverrir Guðnason, LaKeith Stanfield og Sylvia Hoeks **Leikstjórni:** Fede Alvarez **Útgefandi:** Sena

Spenna/hasar

14. febrúar

Ekki láta bugast

Hin 15 ára Leyna á hvíta móður og svartan föður og hefur vegna litarháttar síns þurft að glíma við fordóma frá æsku þótt hún sé þýsk í húð og hár. Þegar hún og sonur hershöfðingja í þýska hernum fella hugi saman stefna þau um leið lífi sínu í stórhættu.

Where Hands Touch er áhrifarík ástarsaga sem margir hafa hrifist af og býður um leið upp á mikla spennu enda gerist hún í Berlín þegar heimsstyrjöldin síðari er í hámarki og gyðinga-ofsóknir nasista eru í algleymingi. Mitt í þessum óróa heldur lífið samt áfram hjá unglingum landsins sem hafa ekki enn áttað sig á hvert stefnir og skilja ekki til fulls hvers vegna það gæti leitt til lífshættu fyrir þau að verða ástfangin, hvað þá ef þau opinbera þá ást.

Það eru þau Amandla Stenberg og George MacKay sem leika parið ástfangna, Leylu og Lutz, en þau eru bæði talin á meðal efnilegustu leikara ársins og þykja sýna hér að sú spá er ekki ástæðulaus. Myndin er sú fjórða sem leikstjórninn og handritshöfundurinn Amma Asante gerir en hinar þrjár myndirnar, *A Way of Life*, *Belle* og *A United Kingdom*, hlutu allar glimrandi góða dóma gagnrýnenda.

Aðalhlutverk: Amandla Stenberg, Christopher Eccleston, George MacKay, Abbie Cornish og Tom Goodman Hill
Leikstjórni: Amma Asante **Útgefandi:** Sena



Þetta er hin átján ára gamla Kaia Gerber sem er tiltölulega nýbyrjuð í módelbransanum en flestir spá að sé upprennandi ofurfyrirsæta. Eins og margir sjá strax á hún hæfileikana og útlitið ekki langt að sækja enda eru báðir foreldrar hennar heimsfrægar fyrrverandi fyrir- sætur, þau Cindy Crawford og Rande Gerber.



VOD 12 122 min

Stríð/rómantik

14. febrúar



Byggt á sannri sögu

Lof mér að falla eftir leikstjórann Baldvin Z, sem skrifaði einnig handritið ásamt Birgi Erni Steinarssyni, hefur hlotið einróma lof allra sem sáu hana í kvikmyndahúsum enda afar vel gerð og leikin í alla staði og svo áhrifarík að bæði sagan og persónur hennar lifa með áhorfendum löngu eftir að myndinni lýkur.

Myndin er byggð á sönnum atburðum og segir frá hinni fimmtán ára gömlu Magneu sem hrífst mjög af hispurslausu lífi nýrrar vinkonu sinnar, hinnar átján ára gömlu Stellu, og leyfir henni að leiða sig inn í heim eiturlyfja. Sú vegferð hefur alvarlegar afleiðingar fyrir þær báðar og tólf árum síðar, þegar leiðir þeirra liggja saman á ný, kemur til óumflýjanlegs uppgjörs á milli þeirra.



Elín Sif Halldórsdóttir og Eyrún Björk Jakobsdóttir leika þær Magneu og Stellu þegar þær hittast fyrst, fimmtán og átján ára gamlar, og Stella kynnir Magneu fyrir heimi eiturlyfjanna.



Lof mér að falla

Drama / Sannsögulegt

VOD 14 136 mín

Aðalhlutverk: Eyrún Björk Jakobsdóttir, Elín Sif Halldórsdóttir, Kristín Þóra Haraldsdóttir, Lára Jóhanna Jónsdóttir, Þorsteinn Bachmann, Sólveig Arnarsdóttir, Sveinn Ólafur Gunnarsson og Atli Óskar Fjaljarsson **Leikstjórn:** Baldvin Z **Útgefandi:** Sena

14. febrúar



Veistu svarið?

Eins og kemur fram hér í kynningunni gerði Baldvin Z hina vinsælu og margverðlaunuðu mynd *Vonarstræti* sem var frumsýnd í ágúst 2014. Á milli þeirrar myndar og *Lof mér að falla* sendi hann svo frá sér stórmerkilega heimildarmynd. Hvað heitir hún?



Reynir Steink.

Punktar

★★★★ - Variety ★★★★★ - Film Threat

★★★★ - H. Reporter ★★★★★ - Morgunblaðið

- Fyrir utan þá Baldvin Z og Birgi Örn Steinarsson eru aðstandendur *Lof mér að falla* að stórum hluta sama fólkið og kom að gerð *Vonarstrætis*, þ. á m. kvikmyndatökustjórinn Jóhann Máni Jóhannsson, Ólafur Arnalds sem semur tónlistina og þeir Ingvar Þórðarson og Júlíus Kemp sem framleiddu ásamt Jukka Helle og Markus Selin.
- *Lof mér að falla* er eins og áður segir byggð á sönnum atburðum og frásögnum úr íslenskum raunveruleika fíkniefnaheimsins, ekki síst á lífi Kristínar Gerðar Guðmundsdóttur sem lést 20. apríl 2001, þritug að aldri, og lét m.a. eftir sig dagbækur sem aðstandendur myndarinnar og handritshöfundarnir höfðu til hliðsjónar við gerð hennar.





First Man

Sannsgögulegt



Aðalhlutverk: Ryan Gosling, Claire Foy, Jason Clarke, Pablo Schreiber, Ciarán Hinds, Christopher Abbott, Kyle Chandler, Corey Stoll og Lukas Haas **Leikstjórn:** Damien Chazelle **Útgefandi:** Myndform

14. febrúar



Veistu svarið?

Claire Foy leikur eiginkonu Neils Armstrong í *First Man* af stakri þrýði enda var hún tilnefnd til Golden Globe-verðlauna fyrir það og er nú einnig tilnefnd til BAFTA-verðlaunanna. En í hvaða annari mynd sem kemur út í febrúar leikur hún aðalhlutverkið?



The Girl in the Spider's Web.

Ferðin til tunglsins

First Man er nýjasta mynd hins margverðlaunaða Óskarsverðlaunahafa Damiens Chazelle sem gerði m.a. myndirnar *Whiplash* og *La La Land*. Hér segir hann okkur söguna af Neil Armstrong sem varð fyrsti maðurinn til að stíga fæti á tunglið.

Fyrir utan að vera ákaflega áhrifarík er *First Man* stórvirki að því leyti að áhorfendum finnst í raun að þeir séu þátttakendur í hinni mögnuðu tunglferð – sem enginn gat vitað með vissu hvort myndi heppnast þannig að Neil og félagar hans næðu aftur til Jarðar ...




Ryan Gosling leikur geimfarann Neil Armstrong sem þann 20. júlí 1969 varð fyrsti maðurinn til að stíga fæti á tunglið.

Punktur

★★★★★ - *Globe & Mail* ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *Variety* ★★★★★ - *N.Y. Magazine* ★★★★★1/2 - *Entertainment Weekly* ★★★★★1/2 - *IndieWire* ★★★★★1/2 - *The Hollywood Reporter*

• Fyrir utan að hafa fengið frábæra dóma gagnrýnenda hefur *First Man* hlotið fjölmörg verðlaun og viðurkenningar og er nú tilnefnd til sjö BAFTA-verðlauna og fernna Óskarsverðlauna en bæði BAFTA- og Óskarsverðlaunin verða afhent í febrúar.

• Myndin er byggð á bók sagnfræðiprófessorsins og rithöfundarins James R. Hansen, *First Man: The Life of Neil A. Armstrong*, sem kom út árið 2005 og var skrifuð með fullu samþykki Neils sem fyrir utan að veita James viðtöl veitti honum óskoraða heimild til að afla sér hvernna þeirra upplýsinga um sig sem hann vildi. Bókin varð því eins sannferðug og framast var kostur um Neil og persónulegt líf hans, bæði fyrir og eftir tunglferðina.



Corey Stoll og Lukas Haas leika þá Buzz Aldrin og Michael Collins, ferðafélaga Neils í hinni sögulegu ferð til tunglsins.



Lokaðu veröldina úti

Robert Laing er hæstánægður með nýju íbúðina sína sem er á 24. hæð nýs háhýsis þar sem íbúum er boðið upp á alla þá þjónustu sem þeir þurfa til að komast af. Smám saman fara þó gallar á þessu fyrirkomulagi að koma í ljós.

Það mætti flokka þessa mynd sem sálfræðitrylli, vísindaskáldskap, hryllingskotið drama eða jafnvel farsa, allt eftir því hvernig titið er á málin. Við kynnumst hér Robert Laing sem flytur í háhýsi þar sem séð er fyrir öllum þörfum íbúanna, þ. á m. verslunum, heilsugæslu, banka og skóla – sem gerir það að verkum að íbúarnir þurfa ekki að fara út úr húsi fram. Í fyrstu lítur þetta vel út en eftir því sem á liður fara margir gallar við einangrunina að koma í ljós sem reyna á mannskapinn ...

Punktur

★★★★★ - *Globe and Mail* ★★★★★ - *Film Stage* ★★★★★ - *Salon*
 ★★★★★1/2 - *RogerEbert.com* ★★★★★ - *Total Film* ★★★★★ - *Empire*
 ★★★★★ - *Screen* ★★★★★ - *Telegraph* ★★★★★1/2 - *Los Angeles Times*

• Leikstjóri *High-Rise* er hinn marglofaði Ben Wheatley sem á m.a. að baki verðlaunamyndirnar *A Field in England*, *Sightseers*, *Kill List*, *Free Fire* og *Down Terrace*.

• Myndin er byggð á samnefndri skáldsögu J.G. Ballards sem kom út árið 1975 og vakti gríðarlega athygli eins og reyndar flestar bækur hans sem tengdust vísindaskáldskap.

• Fyrir utan þá sem nefndir eru í kreditlistanum hér til vinstri fara fjölmargir þekktir leikarar með misstór aukahlutverk í myndinni.



Tom Hiddleston leikur Robert Laing sem lendir í furðulegum aðstæðum þegar hann flytur inn í nýja íbúð sína í lúxusháhy.



A.hl.: Tom Hiddleston, Jeremy Irons, Sienna Miller og Luke Evans **Leikstjórn:** Ben Wheatley **Útgefandi:** Myndform

Sálfræðitryllir

15. febrúar



Brostu. Baaba er mættur í bæinn.

Þegar æskuvinnur lögreglumannsins Sebastians „Baaba“ Bouchard er myrtur af glæpamönnum í Miami kemur ekkert annað til greina fyrir hann en að skella sér vestur yfir haf og ganga á milli bols og höfuðs á þeim seku.

Belleville Cop er fyrir þá sem gaman hafa af frönskum húmor og ekki skemmir fyrir að hér er skemmtilegum hasar blandað saman við þannig að úr verður eldfjörug atburðarás frá upphafi til enda. Baaba, sem hefur allan sinn aldur haldið til í Belleville-hverfinu í París þar sem hann þekkir hvern krók og kima, býr yfir miklum bardagahæfileikum og er í ofanálæg góð skytta, en hvort tveggja hefur komið sér einkar vel eftir að hann gerðist lögreglumaður.

En Miami er allt annar staður en Belleville og spurningin er hvort aðferðirnar sem Baaba hefur notað á heimavelli dugi einnig í baráttu við harðsvíraða eiturfylfakóngna í Bandaríkjunum. Við sjáum til, en Baaba er alltaf bjartsýnn ...




Þegar Baaba kemur til Miami gengur hann í lið með löggunni Ricardo Garcia (Luis Guzmán) sem er öllum hnútum kunnugur í borginni en vill, öfugt við Baaba, helst vinna eftir bókinni.



A.hl.: Omar Sy, Luis Guzmán, Biyouna, Franck Gastambide, og Julie Ferrier **Leikstj.:** Rachid Bouchareb **Útg.:** Myndform

Gamanmynd/hasar

15. febrúar



Mói

Komdu með í ferðalög um heiminn

Þættirnir um Móa björn, sem elskar að ferðast um heiminn á hjólinu sínu ásamt besta vini sínum og heimsækja sögufræga staði, hafa verið sýndir á RÚV. Nú koma þeir einnig út á VOD-leigunum og hér eru þættir 46 til 52 í seríunni.

Teiknimyndirnar um Móa og ferðalög hans eru byggðar á bók franska barnabókahöfundarins Marcs Boutavant, *Umhverfis jörðina með Móa* sem kom út árið 2009 og hefur allar götur síðan notið vinsælda. Efnið er fyrir börn á leikskólaaldri sem fylgja forvitna birninum Móa á ferðalögum um heiminn og læra um sögufræga staði, lönd og borgir og alls konar hluti sem varða ekki hvað síst menningu og mismunandi siði landa og þjóða. Hver þáttur er 11 mínútur að lengd.



Teiknimyndir með íslensku tali um Móa og félagar
Útgefandi: Myndform

Barnaefni

15. febrúar



Föst í dauðagildru

Íbúar Parísar eiga dag einn fótum fjör að launa þegar dularfull, eitruð rykþoka sem enginn veit hvaðan kemur leggst skyndilega yfir borgina með þeim afleiðingum að stór hluti íbúanna lætur lífið.

Aðalpersónur *A Breath Away* eru hjónin Mathieu og Anna sem ásamt veikri dóttur sinni sleppa við eitruðhrif þokunnar vegna þess að þau búa fyrir ofan það svæði sem þokan nær upp í. Það breytir því þó ekki að þau eru föst þar og hafa ekki vistir nema til nokkurra daga. Þar sem þokan virðist ekki ætla að hverfa á ný verða þau því að finna leið til að ferðast eftir húspökunum og freista þess að einhvers staðar í jaðri borgarinnar finni þau leið til að komast niður. Þetta verður samt enginn leikur því fjöldi annarra er í svipuðum sporum og því er óhjákvæmilegt að komi til árekstra sem gætu orðið jafnhættulegir og þokan sjálf ...



Vísindaskáldsaga

21. febrúar




Punktur

• *A Breath Away*, eða *Dans la brume* eins og hún heitir á frummálinu, hlaut fyrstu verðlaun sem besta myndin á Fantasiú-kvikmyndahátíðinni í Montreal í Kanada í fyrra.

Aðalhlutverk: Romain Duris, Olga Kurylenko, Fantine Harduin, Michel Robin og Réphaél Ghrenassia **Leikstjórn:** Daniel Roby **Útgefandi:** Sena

Ben Affleck hélt jakkanum þétt að sér í Los Angeles 17. janúar þegar hitinn fór niður í um 15 gráður, en það þykir mjög kalt á þessum slóðum. Sennilega hefur bleytan ekki hjálpað.



A Star Is Born

Drama / Tónlist



Aðalhlutverk: Bradley Cooper, Lady Gaga, Sam Elliott, Alec Baldwin, Dave Chappelle, Anthony Ramos, Bonnie Somerville, Andrew Dice Clay, Rafi Gavron og Michael Harney **Leikstjórn:** Bradley Cooper **Útgefandi:** Síminn og Vodafone

19. febrúar



Veistu svarið?

Þótt Lady Gaga leiki hér í fyrsta sinn aðalhlutverk í bíómynd er hún að sjálfsgöðu alvön því að vera fyrir framan myndavélarnar enda hefur hún verið ein vinsælasta tónlistarkona heims um árabil. En hvert er hið raunverulega skírnamn hennar?



Stefani Joanne Angelina Germanotta

Leiðin á toppinn

Tónlistarmaðurinn Jackson Maine má muna sinn fífil fegurri og þótt hann njóti enn hylli gamalla aðdáenda er ferill hans á fallanda fæti, ekki síst vegna óhóflegrar drykkju. Þegar hann hittir hina efnilegu leik- og söngkonu Ally má segja að hann fái nýtt markmið í lífinu: Að aðstoða Ally við að ná frægð og frama.

A Star Is Born er einstaklega góð og áhrifarík saga sem er fyrir löngu orðin sigild enda er þetta í fjórða sinn sem hún er kvikmynduð. Um leið er þetta fyrsta myndin sem Bradley Cooper leikstýrir og fyrsta bíómyndin sem Lady Gaga leikur aðalhlutverk í. Það er skemmt frá því að segja að myndin hefur heillað áhorfendur um allan heim upp úr skónum, fengið frábæra dóma gagnrýnenda og verið hlaðin verðlaunum og viðurkenningum sem sér ekki fyrir endann á því hún er nú tilnefnd til sex BAFTA-verðlauna og átta Óskarsverðlauna, þ. á m. í báðum tilfellum sem besta mynd ársins og fyrir leik þeirra Bradleys og Lady Gaga í aðalhlutverkum.

Fyrir utan söguna sjálfa fá áhorfendur einnig sannkallaða tónlistarveislu beint í æð og lög sem eru stórkostlega flutt af bæði Lady Gaga og Bradley Cooper og hljómsveitunum sem við sögu koma. Þar á meðal er hið vinsæla lag *Shallow* sem hlaut Golden Globe-verðlaunin á dögunum sem besta kvikmyndalagið 2018. *Shallow* er nú einnig tilnefnt til Óskarsverðlauna og þykir afar líklegt til að landa þeim á hátíðinni sem fer fram sunnudaginn 24. febrúar.



Bradley Cooper og Lady Gaga fara með aðalhlutverkin í myndinni, hlutverk Jacksons og Allyar, og þykja bæði sýna algeran snilldarleik.

Punktar

★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *Variety* ★★★★★ - *Globe & Mail*
 ★★★★★ - *Guardian* ★★★★★ - *Telegraph* ★★★★★ - *IGN*
 ★★★★★1/2 - *Time* ★★★★★1/2 - *Wrap* ★★★★★1/2 - *Vanity Fair*
 ★★★★★1/2 - *R.Ebert.com* ★★★★★1/2 - *Los Angeles Times*
 ★★★★★ - *E.W.* ★★★★★ - *Total Film* ★★★★★ - *Hollyw. Reporter*
 ★★★★★ - *Playlist* ★★★★★ - *Time Out* ★★★★★ - *N. Y. Magazine*

• Eins og stjörnuhjöldin hér fyrir ofan ber með sér hefur myndin farið vel í gagnrýnendur og er hún þegar þetta er skrifað með 8,8 í meðaleinkunn á Metacritic. Á Imdb.com er hún með 8 í meðaleinkunn frá um 150 þúsund áhorfendum og á Rotten Tomatoes. com er hún með 9 frá gagnrýnendum og 8,1 frá notendum.

• Mörg af tónlistaratriðum myndarinnar voru tekin upp á raunverulegum tónleikum Lady Gaga og geta áhugasamir flett þeim upp á netinu. Þess má og geta að öll lögin sem sungin eru í myndinni eru tekin upp „live“ að kröfu Lady Gaga og að lokaatriði myndarinnar þykir eitt og sér algert meistaraverk sem verður lengi í minnum haft. Þetta er mynd sem verður jafnvel betri við annað og þriðja áhorf!

Kellogg's®

VERTU NÁTTÚRUAFL



VILTU VINNA SNJALLÚR OG HEYRNARTÓL?



Kauptu
Kellogg's vöru



Taktu mynd
af kvittuninni



Sendu okkur myndina á
kelloggs@noi.is



Dregið verður 15. febrúar 2019



Bad Times at the El Royale

Spenna / Ráðgáta / Fléttur



Aðalhlutverk: Chris Hemsworth, Jon Hamm, Dakota Johnson, Jeff Bridges, Nick Offerman, Cynthia Erivo, Katharine Isabelle, Lewis Pullman og Alvina August **Leikstjórn:** Drew Goddard
Útgefandi: Síminn og Vodafone

21. febrúar



Dakota Johnson leikur Emily Summerspring í *Bad Times at the El Royale*.

Veistu svarið?

Pótt það komi ekki fram með beinum hætti í myndinni þá bendir margvíslega til að hún gerist á svipuðum tíma og Bandaríkin sendu Apollo 11 til tunglsins, kvikmyndin *Midnight Cowboy* var frumsýnd og bókinn *Guðfaðirinn* eftir Mario Puzo kom út. Hvaða ár var það?



6961

Sjö einstaklingar – sjö leyndarmál

Sjö gerólikir einstaklingar, sem allir hafa einhverju að leynd, hittast á El Royale-hótelinu við Tahoe-vatn þar sem skuggaleg fortíðin svifur yfir vötnum. Á einum sólarhring fær allt þetta fólk tækifæri til að gera yfirbót – áður en allt fer til helvítis.

Sagan í *Bad Times at the El Royale* er ein af þessum sögum sem langskemmtilegast er að vita sem minnst um áður en horft er á myndina. Ástæðan er auðvitað að hún inniheldur margar fléttur og að engin af þeim persónum sem við sögu koma eru allar þar sem þær eru í fyrstu séðar. Nóg er að vita að myndin gerist á einum sólarhring og segir frá sjö einstaklingum sem hittast á El Royale-hótelinu, en það stendur þannig á ríkjamörkum Nevada og Kaliforníu að helmingur herbergjanna er Nevada-megin en hinn helmingurinn Kaliforníu-megin. Gestir geta sem sagt valið í hvoru ríkinu þeir gista. Ekki líður á löngu uns það verður ljóst að a.m.k. einhverjir af gestunum eru að villa á sér heimildir og að allir hafa þeir eitthvað að fela. Hvað það er kemur svo smám saman upp á yfirborðið – með tilheyrandi uppgjöri!



Þrjú af gestunum sjö sem gera málin upp á El Royale eru þau Laramie, Daniel og Darlene sem Jon Hamm, Jeff Bridges og Cynthia Erivo leika.

Punktar

★★★★★ - *Film Threat* ★★★★★ - *Playlist* ★★★★★ - *IGN*
★★★★★ - *IndieWire* ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *Total Film*
★★★★★ - *Wrap* ★★★★★1/2 - *L.A. Times* ★★★★★1/2 - *E.W.*

• Leikstjóri og handritshöfundur myndarinnar er Drew Goddard sem hefur það m.a. á afrekaskránni að hafa skrifað handrit myndanna *The Martian*, *Cloverfield* og *World War Z* auk handrits myndarinnar *The Cabin in the Woods* sem hann leikstýrði einnig.



Chris Hemsworth leikur Billy Lee sem eins og aðrir gestir á El Royale-hótelinu er ekki allur þar sem hann er séður.

Upplifðu æskuna aftur

Sögur breska rithöfundarins Alans Alexanders Milne um Bangsímón og vini hans í Hundraðekruskógi, og þá ekki síst vinskap þeirra og Christophers Robin, eru fyrir löngu orðnar sígildar. Í þessari mynd bregðum við okkur aftur í tímann og sjáum hvað gerist þegar þeir Christopher og Bangsímón hittast á ný eftir að hafa ekki sést í meira en tvo áratugi. Hefur eitthvað breyst?

Disney-myndin *Christopher Robin* kemur út á sjónvarpsleigunum 21. febrúar og á áreiðanlega eftir að njóta vinsælda en hún er hluti kvikmyndaseríunnar sem Disney-fyrirtækið hleypti af stokkunum fyrir nokkrum árum og hefur getið af sér myndir eins og *Malificent*, *Cinderella*, *Jungle Book* og *Beauty and the Beast* þar sem leiknum og tölvuteiknuðum atriðum er blandað saman. Sá er þó munurinn að sagan í þessari mynd er ekki byggð á eldri teiknimynd heldur er um að ræða nýja sögu sem hefur ekki verið sögð áður.

Christopher Robin, sem nú er orðinn fullorðinn, býr í London ásamt eiginkonu sinni og dóttur og er svo gott sem búinn að gleyma æskuævintýrum sínum með Bangsímón og félögum í Hundraðekruskógi. Hann verður því ekkert lítið undrandi þegar hann hittir Bangsímón lifandi kominn á ný í garði einum í borginni. Þegar í ljós kemur að Bangsímón er týndur og ratar ekki aftur heim hefst nýtt ævintýri í lífi þeirra beggja – og allra annarra sem við sögu koma ...



Christopher Robin

Ævintýri / Fjölskyldumynd



Aðalhlutverk: Ewan McGregor, Hayley Atwell, Bronte Carmichael, Jim Cummings, Brad Garrett, Peter Capaldi, Sophie Okonedo og Toby Jones **Leikstjórn:** Marc Forster **Útgefandi:** Síminn og Vodafone

21. febrúar



Ewan McGregor leikur Christopher Robin, son Alans Alexanders Milne sem skrifaði sögunnar um Bangsímón, en í þeim var Christopher fyrirmyndin að hinum mannlega besta vini Bangsímóns.



Það er óhætt að segja að Christopher verði hissa þegar hann hittir sinn trygglynda æskufélaga á ný í garði einum í London.

Veistu svarið?

Nú eru liðin 25 ár frá því að skoski leikarinn Ewan McGregor sló í gegn í sínu fyrsta hlutverki fyrir framan vélnarar sem Pvt. Hopper í sex þátta sjónvarpsseríu sem byggð var á leikverki Dennis Potter, *Lay Down Your Arms*. Hvað hétu þessir þættir?



Lipstick on Your Collar.

Punktur

★★★★★ - Total Film ★★★★★ - Screen Intl. ★★★★★ - Verge
★★★★1/2 - L.A. Times ★★★★★1/2 - N.Y. Times ★★★★★1/2 - E.W.

- Það er Jim Cummings sem talar fyrir Bangsímón en það hefur hann gert í öllum myndum sem gerðar hafa verið um hann síðan 1988.
- Leikstjóri myndarinnar er Marc Forster sem á nokkrar gæðamyndir að baki eins og *Monster's Ball*, *Finding Neverland*, *Stay, Stranger Than Fiction*, *The Kite Runner*, *World War Z* og *All I See Is You*.



Fyrir utan Bangsímón hittum við auðvitað alla hina bestu vini hans.



Raddir hinna föllnu

Starr Carter er ung menntaskólastúlka sem kvöld eitt verður vitni að því að æskuvinur hennar og skólafélagi er skotin til bana af lögreglumanni án þess að hafa nokkuð til saka unnið. Um leið gjörbreytist líf hennar að eilífu.

Atburðurinn hefur að sjálfsögðu mikil áhrif á Starr, ekki bara áfallið sem hún verður fyrir að horfa upp á æskuvin sinn skotin til bana heldur einnig eftirmálin því hún er auðvitað aðalvitni þeirra sem vilja að lögreglumaðurinn sé dreginn til ítrustu ábyrgðar og dæmdur fyrir morð. Á móti kemur gríðarlegur þrýstingur frá þeim sem verja lögreglumanninn og vilja meina að hann hafi í raun haft góða ástæðu til að skjóta. Undir þessu álagi kemur í ljós úr hverju Starr Carter er gerð ...

Punktur

★★★★★ - *Wash. Post* ★★★★★1/2 - *Variety* ★★★★★1/2 - *C. Sun-Times*
 ★★★★★ - *IndieWire* ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *Screen International*
 ★★★★★ - *Rolling Stone* ★★★★★ - *Time* ★★★★★ - *Los Angeles Times*

• *The Hate U Give* hefur unnið til fjölda viðurkenninga og verðlauna hjá hinum ýmsu fagaðilum og þykir mörgum súrt í broti að hún skyldi ekki fá tilnefningar til Óskarsverðlauna, ekki síst fyrir hönd aðalleikkonunnar Amöndlu Stenberg sem sýnir frábæran leik í aðalhlutverkinu og fyrir vandað handrit Audrey Wells.



Amandla Stenberg leikur Starr Carter og í hlutverki móður hennar er Regina Hall.


• Myndin er byggð á samnefndri bók eftir Angie Thomas sem kom út í febrúar 2017 og sat í efsta sæti á lista New York Times yfir söluhæstu ungl-ingabækurnar í 50 vikur samfleytt.



A.hl.: Amandla Stenberg, Regina Hall og Anthony Mackie
Leikstj.: George Tillman Jr. **Útgef.:** Síminn og Vodafone

Drama

21. febrúar



Neyðin kennir nöktum ...

Rithöfundurinn Lee Israel má muna sinn fífil fegurri enda vill enginn lengur gefa út bækur hennar. Langt á eftir með leiguna og enga peninga á leiðinni dettur hún fyrir tilviljun niður á snjalla lausn – sem því miður er líka glæpur.

Can You Ever Forgive Me er byggð á samnefndri sjálfssævisögu Lee Israel sem kom út 2008 en í henni fór hún m.a. yfir mál sem skók bandaríska bókmenntaheiminn árið 1992. Eftir að hafa gefið út nokkrar ævisögur sem gengu ágætlega féll Lee í hálfgerða ónáð þegar hún gaf út ævisögu Estée Lauder í óþökk hennar. Slypp og snauð datt hún niður á þá lausn að falsa sendibréf frægs fólks og selja þau til safnara. Þar með setti hún í gang atburðarás sem hefði varla verið hægt að skálda ...

Punktur

★★★★★ - *N.Y. Times* ★★★★★ - *Observer* ★★★★★ - *Chic. Sun-Times*
 ★★★★★1/2 - *IndieWire* ★★★★★1/2 - *L.A. Times* ★★★★★1/2 - *Film Journal*
 ★★★★★ - *Rolling Stone* ★★★★★ - *Guardian* ★★★★★ - *Hollywood Reporter*

• Þau Melissa McCarthy og Richard E. Grant, sem þykja hreint og beint stórkostleg í hlutverkum sínum sem þau Lee Israel og Jack Hock, voru bæði tilnefnd til Golden Globe-verðlaunanna fyrir leikinn og eru einnig bæði tilnefnd til BAFTA- og Óskarsverðlaunanna sem verða afhent í febrúar. Sama gildir um handritshöfundana Nicole Holofcener og Jeff Whitty sem eru einnig tilnefnd til bæði BAFTA- og Óskarsverðlaunanna fyrir það.



Richard E. Grant og Melissa McCarthy fara á miklum kostum í þessari frábæru mynd.

• Þetta er frábær mynd sem allir kvik-myndaunnendur ættu hiklaust að sjá.



A.hl.: Melissa McCarthy, Richard E. Grant og Dolly Wells
Leikstjórn: Marielle Heller **Útgef.:** Síminn og Vodafone

Sannsögulegt

21. febrúar

Allt fyrir sannleikann

Mögnuð saga verðlaunablaðakonunnar Marie Colvin sem frá árinu 1985 og allt til dauðadags starfaði fyrir breska dagblaðið The Sunday Times, lengst af við öflun fréttu og frásagna frá stríðshrjáðum héruðum og löndum.

Saga Marie Colvin er jafnframt saga af óbugandi viljapreki og hugrekki þessarar stórmerku konu sem fann köllun sína í að koma fréttum frá hættulegustu stöðum Evrópu, Asíu og Norður-Afríku á framfæri við heiminn og lagði sjálfa sig um leið í hina mestu lífshættu. Hennar eigin orð um það hvers vegna hún var tilbúin til að leggja líf sitt í hættu voru að öðruvísi gæti hún ekki gefið þeim raddlausu rödd og þeim ósýnilegu sem þjáðust vegna aðgerða stríðsherranna tilvist frammi fyrir alþjóðasamfélaginu. Myndin þykir lýsa því afar vel við hvaða aðstæður Marie starfaði alla tíð og gefur um leið sannferðuga mynd af því úr hverju hún var gerð ...

Punktur
 ★★★★★1/2 - *N.Y. Times* ★★★★★1/2 - *Variety* ★★★★★1/2 - *RogerEbert.com*
 ★★★★★1/2 - *Wash. Post* ★★★★★ - *Wrap* ★★★★★ - *E.W.* ★★★★★ - *L.A. Times*

- *A Private War* var tilnefnd til tvennra Golden Globe-verðlauna, fyrir leik Rosamund Pike í aðalhlutverkinu og fyrir lagið *Requiem for A Private War* sem Annie Lennox samdi og flytur.

- Handrit myndarinnar er eftir Arash Amel og var byggt á greininni *Marie Colvin's Private War* eftir Marie Brenner sem birtist í tímaritinu *Vanity Fair* árið 2012 eftir að staðfest var að Marie Colvin hefði látið lífið í sprengjuárás í bænum Homs í Sýrlandi. Greinina má enn finna á vefsvæði *Vanity Fair*.



Rosamund Pike þykir frábær í hlutverki sínu sem fréttakonan Marie Colvin.

Enginn veit sína ævi ...

Sansöguleg mynd um Richard Wershe og son hans, Richard „Rick“ yngri, sem aðeins 14 ára að aldri var farinn að vinna fyrir FBI og varð um leið yngsti uppljóstrari sem bandaríska alríkislögreglan hefur haft á sínum snærum.

Það er sagt um sumar sannar sögur að þær séu ótrúlegri en nokkur skáldskapur. Það á vel við í tilfelli þessarar sögu um Wershe-feðganna Richard og Rick sem bjuggu í Detroit árið 1983 þar sem Richard hafði leyfi til að selja skotvopn og naut aðstoðar sonar síns við það. Til að afla sér aukatekna seldu þeir hins vegar einnig byssur undir borðið sem rötuðu síðan til glæpagengja og voru notaðar í skærum um hinn ört vaxandi krakkmarkað. Þegar menn FBI komust að uppruna skotvopnanna ákváðu þeir að bjóða Richard samning um að hann færi ekki í fangelsi fyrir hina ólöglegu sölu ef Rick myndi gerast uppljóstrari þeirra. Þar með var sett í gang atburðarás sem átti eftir að hafa ófyrirsjáanlegar og ótrúlegar afleiðingar ...

Punktur
 ★★★★★1/2 - *N.Y. Post* ★★★★★1/2 - *Wrap* ★★★★★1/2 - *The Globe and Mail*
 ★★★★★ - *Screen* ★★★★★ - *IGN* ★★★★★1/2 - *E.W.* ★★★★★1/2 - *Chicago Tribune*

- *White Boy Rick* er önnur mynd leikstjórans Yanns Demange í fullri lengd en sú fyrsta, '71, er af mörgum talin ein besta mynd ársins 2014.

- Fyrir utan þau þrjú sem nefnd eru í kreditlistanum hér til vinstri fara þau Bruce Dern, Piper Laurie, Eddie Marsan, Rory Cochrane, Brian Tyree Henry og Jennifer Jason Leigh með stór hlutverk í myndinni.

- Sá sem leikur Rick, Richie Merritt, er hér í sínu fyrsta hlutverki.




Richie Merritt og Matthew McConaughey í hlutverkum Wershe-feðganna.



Aðalhl.: Rosamund Pike, Tom Hollander, Jamie Dornan og Stanley Tucci **Leikstj.:** Matthew Heineman **Útgef.:** Sena

Sansögulegt

21. febrúar



Aðalhlutverk: Matthew McConaughey, Richie Merritt og Bel Powley **Leikstjórn:** Yann Demange **Útgefandi:** Sena

Sansögulegt


21. febrúar



Rödd að handan

Dag einn springur rannsóknarstofa í Chicago í loft upp með þeim afleiðingum að milljónir íbúa hennar láta lífið. Það furðulega er að hinir látnu ganga allir aftur í óþekktu efnislegu formi sem þeir sem eftir lifa geta séð en ekki snert því um leið og það er reynt leysast „draugarnir“ upp í reyk.

Þeir sem hafa gaman af dularfullum, hrollvekjuskotnum vísindaskáldsögum og ráðgátum ættu að kíkja á þessa mynd sem byggð er á bókinni *Break My Heart 1000 Times* eftir Daniel Waters. Sagan gerist tíu árum eftir sprenginguna í rannsóknarstöðinni sem skapaði hinn furðulega draugagang og við kynnumst menntaskólanemanum Ronnie sem eins og aðrir er fyrir löngu orðin von draugunum og kippir sér t.d. ekki lengur upp við að sjá dána æskuvini eða draug föður síns við morgunverðarborðið. Dag einn fær hún þó ástæðu til að óttast um sinn hag þegar einn draugurinn virðist gera tilraun til að ná sambandi við hana. Vandamálið er að enginn trúir henni þar sem það hefur aldrei gerst að einhver af draugunum hafi reynt að ná sambandi við þá sem lifa. En Ronnie er alveg viss um hvað hún sá ...



Bella Thorne leikur Ronnie sem lendir í óvæntu og hættulegu sambandi við draug.



A.hl.: Bella Thorne, Richard Harmon, Dermot Mulroney og Shaun Benson **Leikstj.:** Scott Speer **Útgef.:** Myndform

Tryllir


22. febrúar



Reyndu aftur

Menntaskólaneminn Stillman verður fyrir miklum vonbrigðum þegar kærasta hans, Debbie, segir honum upp. Staðráðinn í að vinna hana til baka ákveður Stillman að smíða sér tímavél til að fara til baka, komast að því hvað fór úrskeiðis í sambandinu og laga það. Það er bara eitt vandamál.

Time Freak er létt og fjörug rómantísk gamanmynd sem byggir á því sígilda þema tímaferðalagsmynda að um leið og þú ferð til baka og breytir einu þá breytist allt. Á þessu áttar Stillman sig ekki til að byrja með og þegar við bætist að Evan félagi hans kemur með í tímaferðalagið vandast málin enn frekar því Evan á það til, ekki síður en Stillman, að gera einhverja vitleysu sem nauðsynlegt er að leiðrétta. Þannig tekst þeim félögum að skapa sífellt flóknari vandamál og erfiðari aðstæður sem versna til muna þegar tímavélin brotnar í klaufalegu slysi. Hvað gera bændur þá?



Asa Butterfield leikur hinn ástfangna og úrræðagóða Stillman sem eftir að hafa verið sagt upp af kærustunni ákveður að smíða sér tímavél og laga það sem fór úrskeiðs.



A.hl.: Asa Butterfield, Sophie Turner, Skyler Gisondo og Will Peltz **Leikstjörn:** Andrew Bowler **Útgef.:** Myndform

Rómantísk kómedía

22. febrúar



Ævintýrið um Ronju í nýjum búningi

Þessi 26 þátta teiknimynda-sería, sem byggð er á hinni víðfrægu og ástsælu bók Astridar Lindgren, hefur verið sýnd á RÚV og er eftir japanska listamanninn Gorô Miyazaki, son Hayaos Miyazaki sem gerði m.a. *Spirited Away* og *Princess Mononoke*.

Ævintýrið um Ronju ræningjadóttur kom út árið 1981 og skipaði sér þegar í flokk með bestu bókum Astridar Lindgren, þ. á m. bókunum um Línu langsokk og Emil í Kattholti. Sagan er um hana Ronju sem elst upp í ræningjakastala á miðöldum í Svíþjóð. Hún verður fljótlega mjög forvitin um umhverfi sitt og lendir í ýmsum ævintýrum í skóglendinu umhverfis kastalann þar sem alls kyns kynjaverur hafast við. Þegar hún síðan kynnist jafnaldra sínum, strák sem reynist sonur svarinna andstæðinga foreldra hennar, breytist allt ...

Þessi útgáfa inniheldur þætti 21 til 23 sem hver fyrir sig er 25 mínútur að lengd. Þess má geta að þættirnir hlutu alþjóðlegu Emmy-verðlaunin 2016 í flokki teiknaðs barnaefnis.



Teiknimyndir með íslensku tali um ævintýri Ronju ræningjadóttur **Útgefandi:** Myndform

Barnaefni

22. febrúar



Úr öskunni í eldinn

Overlord hefst á D-deginum svokallaða, 6. júní 1944, þegar Bandamenn gerðu innrás í Normandy. Dagskipun sveitar fallhlífarhermanna, sem er ætlað að kasta sér út handan víglínunnar og gera einn af fjarskiptaturnum Þjóðverja óvirkan, fer fyrir lítið þegar flugvél þeirra er sprengd í tætlur. Flestir hermanna fara en þeirra sem lifa af bíður enn erfiðari raun.

Overlord er í leikstjórn Julius Avery sem í þetta sinn vinnur með framleiðandanum J.J. Abrams og færir okkur verulega hrollvekjuskotna mynd sem fengið hefur mjög góða dóma þeirra sem kunna að meta alvöru trylla. Eftir magnað upphafsatriði erum við stödd í litlum bæ handan víglínu Þjóðverja þar sem allt er krökkt af illskeyttum nasistum. Útlitið er því ekki gott fyrir okkar menn og ekki skánar það þegar þeir uppgötva að bærinn er vettvangur vægast sagt vafasamra tilrauna ...

Punktur
 ★★★★★1/2 - *Wrap* ★★★★★1/2 - *IGN* ★★★★★ - *Verge* ★★★★★ - *IndieWire* ★★★★★ - *E.W.* ★★★★★ - *Time Out* ★★★★★1/2 - *L.A. Times* ★★★★★1/2 - *Screen*

- Þótt *Overlord* sé fyrst og fremst afar skemmtilega gerð blanda af stríðsmynd, spennu- og hrollvekjum er einnig stutt í húmorinn í mörgum atriðum, oft nokkuð svartan.

- Sagan í myndinni er eftir þá J.J. Abrams og Billy Ray sem hlaut m.a. tilnefningu til Óskarsverðlauna fyrir handrit sitt að myndinni *Captain Phillips* árið 2014.

- *Overlord* er önnur mynd leikstjórans Juliusar Avery sem sendi frá sér hina þræl-góðu *Son of a Gun* árið 2014.



Mathilde Ollivier og Jovan Adepo í einu af háspennuatriðum myndarinnar.



Aðalhl.: Wyatt Russell, Mathilde Ollivier og Jovan Adepo
 Leikstjórn: Julius Avery **Útgefandi:** Síminn og Vodafone

Tryllir

27. febrúar



Sígilt ævintýri í nýjum búningi

Hin sígilda saga dr. Seuss um ótuktina Trölla sem ákvað að stela jólonum frá íbúum Hver-bæjar kemur út á DVD 28. febrúar í ferskum og mjög myndum búningi teiknimyndafyrirtækisins Illumination sem gerði m.a. *Aulinn ég-myndirnar*, myndina vinsælu um litlu gulu *Skósveinana*, *Syngdu* og *Leynilíf gæludýra*.

Munaðarleysinginn Tröllli býr ásamt hundinum sínum Max í helli á toppi fjalls fyrir ofan Hver-bæ sem eitt sinn var heimabær hans og lætur það fara alveg sérstaklega í taugarnar á sér þegar íbúar bæjarins skreyta fyrir jólin, kaupa gjafir, syngja og gleðjast. Hann ákveður því að taka til sinna ráða, læðast inn í bæinn að næturlagi og hreinlega stela öllum gjöfunum og skreytingunum þannig að íbúarnir nái ekki að halda upp á jólin og verði jafnfúllyndir og hann er sjálfur. Það sem hann gleymir að reikna með er að þótt hann geti stolið því efnislega sem tengist jólonum getur hvorki hann né nokkur annar stolið jólagleðinni sjálfri. Og hvað gerir Tröllli þá?

Myndinni fylgja þrjár skemmtilegar stuttmyndir frá Illumination og fjalla tvær þeirra um ævintýri litlu gulu skósveinanna og ein um það þegar hundur Trölla, hinn trygglyndi Max, þarf að fá einn af íbúum Hver-bæjar til að færa húsbónda hans forláta te ...



Grinch

Teiknimynd



Íslensk talsetning: Eyþór Ingi Gunnlaugsson, Selma Rún Rúnarsdóttir, Jón Jónsson, Unnur Ösp Stefánsdóttir, Ívan Rökkvi Elíasson, Ævar Þór Benediktsson, Ragnheiður Steindórsdóttir, Þorsteinn Ari Þorsteinsson, Hálfván Helgi Matthíasson og Rakel María Gísladóttir
Leikstjórn: Selma Lóa Björnsdóttir **Útgefandi:** Myndform

28. febrúar





Eitt feilspor ...

Gary Hart var vonarstjarna bandaríska demókrataflokksins árið 1986 og töldu margir hann öruggan um að verða útnefndur forsetaefni flokksins í kosningunum 1988. Þegar pressan komst að því að hann hafði átt vingott við konu utan hjónabandsins féll hann af þeim stalli með miklum hveli.

Þeir sem hafa gaman af virkilega vel gerðum og leiknum sögulegum myndum ættu ekki að láta *The Front Runner* fram hjá sér fara. Hugh Jackman bregður sér hér í hlutverk þingmannsins Garys Hart sem eftir þingsetu fyrir Colorado frá árinu 1975 ákvað að gefa kost á sér til forsetaframboðs fyrir demókrata í kosningunum 1984. Hann tapaði þá naumlega fyrir Walter Mondale en var í staðinn talinn nánast öruggur með útnefninguna fjórum árum síðar. Þegar sú barátta var komin í fullan gang byrjuðu hins vegar sögur um framhjáld hans að koma upp á yfirborðið ...

Punktur

★★★★★ - *Observer* ★★★★★ - *Film Threat* ★★★★★1/2 - *C. Sun-Times*
★★★★★ - *L.A. Times* ★★★★★ - *IGN* ★★★★★ - *N.Y. Post* ★★★★★ - *Empire*

- Leikstjóri myndarinnar er Jason Reitman sem á m.a. að baki verðlauna-myndirnar *Tully*, *Juno*, *Young Adult*, *Up in the Air* og *Thank You for Smoking* og hefur fjórum sinnum verið tilnefndur til Óskarsverðlauna. Jason skrifaði einnig handritið í samvinnu við Jay Carson, en það er byggt á bókinni *All The Truth Is Out* eftir Matt Bai.



Hugh Jackman leikur forsetaframboð-andann Gary Hart í *The Front Runner*.

- Eins og alltaf hefur Hugh Jackman fengið ómælt lof fyrir leik sinn í myndinni og þykir sannarlega hafa átt skilið að fá tilnefningu til Óskars-verðlauna fyrir hann.



Aðalhl.: Hugh Jackman, Vera Farmiga, J.K. Simmons og Alfred Molina **Leikstjörn:** Jason Reitman **Útgefandi:** Sena

Sannsgulegt

28. febrúar

Rómantíkin er dauð

Blake er ung kona sem stundar nám í blaðamennsku og lætur sig dreyma um að vinna til peningaverðlauna í keppni sem framundan er um bestu reynslusöguna. Vandamálið er að hún hefur enga reynslu og þarf því að byrja á því að bæta í þann banka.

The New Romantic er skemmtileg mynd um ást og ástarsambönd, en frá nokkuð öðruvísi sjónarhóli en fólk gæti búist við fyrirfram. Málið með Blake er að þótt hún hafi oft farið á stefnumót með mönnum sem henni hefur litist vel á hefur hún aldrei orðið ástfangin í alvöru og því hafa sambönd hennar runnið jafnskjótt út í sandinn og þau byrjuðu. Nú, þegar hún þarf að finna sér sögu til að senda í keppnina, fær hún þá hugmynd frá vinkonu sinni að prófa að hitta sér mun eldri menn, svokallaða „sykurpabba“, og sjá hvað gerist ...

Punktur

- Jessica Barden sem leikur Blake hefur getið sér gott orð í ýmsum myndum allt frá því að hún var sjö ára en er einna best þekkt fyrir hlutverk sitt sem Alyssa í bresku sjónvarpsþáttunum *The End of the F***ing World*.

Aðalhlutverk: Jessica Barden, Hayley Law, Brett Dier, Camila Mendes og Timm Sharp **Leikstjörn:** Carly Stone **Útgefandi:** Sena



Leikaraparið Rooney Mara og Joaquin Phoenix létu sig engu varða um ljósmyndara þar sem þau voru í gönguferð í Los Angeles, en þau byrjuðu saman þegar þau léku hvort á móti öðru í myndinni *Mary Magdalene*. Sambandið er því að verða tveggja ára



Rómantísk kómedía 28. febrúar



Komnar út og fáanlegar á sjónvarpsleigunum




Incredibles 2
Hin ótrúlega Parr-öfufjölskylda mætir hér til leiks á ný, rúmum þrettán árum eftir að fyrri myndin um hana kom út, en hún er af mörgum talin ein besta Pixar-myndin til þessa. Þessi nýja mynd, sem er beint framhald þeirrar fyrri og gefur henni ekkert eftir í gríni og glensi, er ein vinsælasta mynd ársins 2018 í bíó.

Teiknimynd 12



Night School
Teddy Walker er söluaður af guðs náð en á við þann vanda að stríða að hann hætti í framhaldsskóla á sínum tíma og tók aldrei lokaprófið. Af þeim sökum getur hann ekki fengið starf þar sem launin eru nógu mikil til að hann geti stofnað fjölskyldu með sinni heittelskuðu Lisu. Og hvað gera menn þá?

Gamanmynd 12



The Predator
Þegar ungur einhverfur drengur sem hefur einstaka hæfileika á tungumála-sviði opnar fyrir slýsni leið fyrir hinar grimmu og blóðþyrstu geimverur sem við þekkjum sem „Rándýrin“ til að snúa aftur til jarðar hefst baráttu upp á líf eða dauða því Rándýrin ætla sér í þetta sinn að gera endanlega út af við mannkynið.

Spenna/hasar 16



Mamma Mia! Here We Go ...
Það eru líðin nákvæmlega tíu ár síðan bíómyndin *Mamma Mia!* kom út við miklar vinsældir um allan heim enda einstaklega skemmtileg mynd í alla stæði, fjörug, fyndin og byggð á textum nokkurra vinsælustu laga hljómstæririnnar ABBA. Þessi nýja mynd er ekki síðri enda ein vinsælasta mynd ársins.

Gaman/tónlist 12



A Simple Favor
Stephanie er videóbloggari í smábæ í Connecticut sem fjallar í bloggri sínu um ymislegt sem viðkemur mömmum, uppeldi og heimilshaldi. Þegar einn af íbúum bæjarins, hin fagra en duldarfulla Emily sem Stephanie hafði kynnst nokkrum vikum fyrir, hverfur sporlaust, ákveður hún að rannsaka málið sjálf.

Ráðgáta 12



The Meg
Vísindamönnum og áhöfn neðansjávvarannsóknarstöðvarinnar Mana One bregður í brún þegar forsögulegur risa-hákarl birtist skyndilega úr undirdjúpunum og laskar stöðina það miklið að þeim er bráður bani búinn komist þau ekki fljótlega upp á yfirborðið. En leiðin upp er líka leiðin beint í dauðann.

Spenna/hasar 12



The Nun
The Nun er nýjasta myndin frá hrollvekjumeistararum James Wan, en hún segir frá ungru nunnu, Irene, sem er ásamt prestinum Burke send til Rúmeníu að rannsaka dularfullt sjálfsmorð nunnu í hinu sögufæra Carta-nunnuklaustri í Transylvaníu. Fljótlega uppgötvu þau að hér er sannarlega ekki allt með felldu.

Hrollvekja 16



Kona fer í stríð
Kona fer í stríð eftir Benedikt Erlingsson segir frá kórstjóranum Höllu (Halldóra Geirharðsdóttir) sem ákveður að lýsa yfir sínu eigin einkastríði gegn mengandi stórindju í landinu. Hún gerist skemmdarverkamaður en þegar ung munaðarlaus stúlka frá Úkraínu stigrur inn í líf hennar þarf hún að endurmeta stöðu sína.

Hasar 9



Searching
Þrælgóð spennumynd um David Kim sem vaknar einn morguninn og sér að 16 ára dóttir hans Margot hefur þrísvar reynt að hringja í hann um nóttina. Þegar hún skilar sér svo ekki heim um kvöldið og svarar ekki símanum kallar hann á lögregluna og hefst síðan sjálfur handa við að rannsaka hvað um hana varð.

Spennumynd 16



Óþekkti hermaðurinn
Óþekkti hermaðurinn er gríðarlega vel gerð og áhrifamikil mynd sem sækir efni viðni í eina helstu og þekktustu perlu finnskra bókmennta, stórvirkið *Tuntematón sotilás* eftir Väinö Linna, sem kom út árið 1954 og var byggð á hans eigin reynslu af Framhaldsstríðinu sem Finnar og Rússar háðu 1941–1944.

Sannsögulegt 16



Hótel Transylvanía 3: Sumarfríð
Drakúla er mættur aftur ásamt dóttur sinni, eiginmanni hennar og bestu vinum þeirra og halda þau nú suður á bóginn þar sem fjörug skemmtisigling biður þeirra. Hugmyndin er að slaka nú almennilega á í tunglskínslíðunni og til að byrja með virðist það ætla að takast. En svo kemur furðulegt babb í báttin.

Teiknimynd 12



Crazy Rich Asians
Þau Rachel og Nick hafa verið saman í rúmlega ár og eru ástfangnari en nokkurr tíma fyrir. Nick ákveður því að tími sé til kominn að bjóða Rachel til Singapur að hitta fjölskyldu sína, en sú fjölskylda á sannarlega eftir að koma henni á óvart. Frábær mynd og ein albesta rómantíska mynd ársins 2018.

Gamanmynd 9



Mission: Impossible - Fallout
Það þarf ekki að hvetja neinn aðdáanda *Mission Impossible*-myndanna að sjá þessa sjöttu mynd seríunnar sem er að flestra dómi sú allra besta hingað til og alveg ögugglega besta hasarmynd ársins 2018. Ekkert var til sparað við gerð myndarinnar og Tom sjálfur sýnir sannarlega úr hverju hann er gerður.

Spennumynd 12



Pétur Kanína
Bíómyndin *Pétur kanína* er byggð á sögum enska barnabókariðhöfundarins Beatrix Potter um Pétur og fjölskyldu hans sem á í stöðugum útistöðum við landeigandann, herra McGregor, en honum er alveg meinilla við öll dýr, ekki síst sprellförukar kanínur sem vilja háma í sig uppskeruna hans.

Fjölskyldumynd 12



Peppermint
Spennu- og hasarmyndin *Peppermint* segir frá Riley North sem upplifir veröld sína hrynja til grunna þegar eiginmaður hennar og ung dóttir þeirra eru myrt af byssumönnum völdugs glæpapakings. Þegar morðingjarnir eru látnir lausir af gerspílltum dómara ákveður Riley að utdeila þeim sínu eigin réttlæti.

Spennumynd 16



Undir halastjörnu
Kvikmyndin *Undir halastjörnu* sækir innblásturinn í líkfundarmálið svokallaða sem vakti gríðarlega athygli árið 2004, en það hófst þegar kafari sem var að kanna skemmdir á bryggjumannvirkiungu á Neskaupstað fann sundurskorið lík af karlmanni í höfninni og ein umfangsmesta lögreglurannsókn ársins hófst.

Spenna/sakamáli 16



Colette
Colette er vönduð og vel leikin mynd sem gerist á fyrri hluta ævi frönsku skáldkonunnar Sidonie-Gabrielle Colette sem skrifaði Claudine-bækurnar upp úr aldarmótunum 1900 og gaf þær út undir nafni eiginmans síns. Þegar hún ákvað síðan að opnbera sannleikann fór í gang atburðarás sem skók franska samfélagið.

Sannsögulegt 12



Mile 22
Þeir sem kunna að meta harökjarna bardaga- og hasarmyndir ættu að kunna að meta *Mile 22* eftir Peter Berg (*Patriots Day*, *Deepwater Horizon*, *Lone Survivor*, *Battleship*, *Hancock*) með Mark Wahlberg í aðalhlutverki en hér er um að ræða eina hröðustu hasarreið ársins 2018, þar sem hvergi er slakað á frá byrjun til enda.

Hasarmynd 16



It Comes at Night
It Comes at Night gerist í önefndri framtíð þegar duldarfull veiki hefur lagt þorra fólks af velli og enginn er eftir sem getur fundið lækningu við henni. Myndin hefur hlotið frábæra dóma gagnrýnenda en er alls ekki fyrir hjartveika eða viðkvæmt fólk sem á erfitt með að upplifa mikla og stanslausa kvikmyndaspennu.

Tryllir 16



A Prayer Before Dawn
Sönn saga hnefaleikamansins Billys Moore sem flutti til Tælands þar sem eitruyfjafíkn hans og afbrotnaheigð léldi til þess að hann var handtekinn og dæmdur til þriggja ára fangelsisvistar á stað sem lýst hefur verið sem helvíti á Jörðu. Enski leikarinn Joe Cole er algjörliga frábær í aðalhlutverkinu.

Sannsögulegt 16



The Darkest Minds
The Darkest Minds er byggð á samnefndri metsölbók rithöfundarins Alexöndru Bracken og gerist einhverntíma í framtíðinni eftir að duldarfullur sjúkdómur sem lagðist eingöngu á börn þurrkaði út 98% mannkyns undir átján ára aldri. Þeir sem eftir lifa þurfa að leysa ráðgátuna áður en það verður of seint.

Vísindaskáldsaga 12

OLZA
PRINCE POLO
od 1955 roku



Coke & Prince
Þjóðarréttur Íslendinga í meira en 60 ár



Far Cry: New Dawn

Ný og breytt veröld

Sautján árum eftir kjarnorkudómsdaginn hefur Hope-sýsla í Montana breyst gjörsamlega og á óvæntan hátt. Kjarnorkuveturinn hefur skapað nýjan blóma og þeir sem lifðu af eru byrjaðir að byggja landið á ný. En lífið er ekki auðvelt, lög og reglur eru virtar að vettugi og nýir óvinir, kallaðir „Highwaymen“ hafa einsett sér að ná öllum völdum. Fólkið þarf hjálp og það kemur til þinna kasta að veita hana, hvort sem er upp á eigin spýtur eða með öðrum á netinu. Gerðu þinn karakter kláran fyrir baráttu fyrir frelsinu, fyrir lífinu og fyrir framtíðina!



Tegund: Skotleikur

Kemur út á: PS4, Xbox One og PC

PEGI aldurstakmark: 18+

Útgáfudagur: 15. febrúar

Framleiðandi: Ubisoft

Útgefandi: Myndform

Ný uppbygging

• **Nýtt vopnabúr:** Síðan allt fór í rúst hafa íbúar byggt vopn úr því sem hægt var að finna og sem nægja til halda í þeim lífinu. En hlutirnir þróast hratt og í heimstöðinni geta leikmenn búið til alls konar fullkomnari vopn og farartæki sem eru kraftmeiri en nokkurn tíma fyrr og geta gefið þeim yfirhöndina í baráttunni sem framundan er við hina miskunnarlausu óvini.

• **Ný saga, nýir vinir:** Farðu í gegnum nýjan og ævispennandi söguþráð og finndu leiðina í gegnum her óvinanna sem ætla sér að ræna landið og svipta fólkið öllu sem það á og hefur. Markmiðið er að ryðja leiðina uns þú nærð til leiðtoga þeirra, tvíburastranna Mickey og Lou sem eru hættulegri en nokkur óvinur sem þú hefur séð áður. Fyrir utan fjölbreytt vopnabúr hefur þú aðgang að nýjum byssumönnum og málaliðum sem hjálpa þér að ná settu marki.

• **Lifðu af, frelsaðu fólkið og kannaðu landið:** Heimastöð þín er í miðju, risastóru landinu á meðan óvinirnir halda sig í útstöðvum sem þú þarft að vinna eina af annarri. Hver sigur leiðir til nýrra áskorana og hliðarverkefna auk þess að opna ný landsvæði langt út fyrir Hope-sýslu, en þar bíða þín ný ævintýri sem koma á óvart.

ÞÚ GÆTIR UNNIÐ



PS4

EÐA

PlayLink

FOR PS4™

VINNINGAR Á HVERRI KLUKKUSTUND*

HALLAÐU



NOTAÐU
SÍMANN SEM
FJARSTYRINGU

SMELTU Á

SNERTU



PS, PlayStation, PS4, PS4 and DUALSHOCK are registered trademarks or trademarks of Sony Interactive Entertainment Inc. All rights reserved.



*Please see participating packaging for terms and conditions before purchase.

TM, ©, © 2018 KELLOGG Europe Trading Limited



Tegund: Skot- og hlutverkaleikur

Kemur út á: PS4 og Xbox One

PEGI aldurstakmark: 16+


Útgáfudagur: 22. febrúar

Framleiðandi: EA

Útgefandi: Sena

Nýjasta tækni



- **Að spila sem lið:** Í *Anthem* ná leikmenn árangri með því að spila saman sem lið og taka mikilvægar ákvarðanir með öðrum.
- **Fullkomnir búningar:** Exo Suit-búningar leikmanna eru einnig lykilar að árangri, en í gegnum allan leikinn geta leikmenn uppfært þá og aukið hraða þeirra, stökkkraft, varnir og fleira.
- **Stórbrotinn heimur:** Leikurinn er keyrður áfram af Frostbyte-grafíkvelinni og með henni hefur BioWare náð að skapa hér heillandi heim sem breytist stöðugt og inniheldur fjölmargar verulega áhugaverðar persónur.



Anthem

***Anthem* er magnaður skot- og hlutverkaleikur í anda *Destiny*-leikjanna.**

Leikurinn gerist í veröld sem skilin var eftir ókláruð af guðunum. Ill öfl ógna tilvist mannkyns og gerast leikmenn „Freelancers“ til að bjarga málunum. Allt að fjórir geta spilað saman í gegnum netið, en leikurinn er byggður upp af fjölbreyttum verkefnum og með hverju þeirra vex kraftur leikmanna auk þess sem búningar þeirra (Exo Suit) verða fullkomnari. *Anthem* er gerður af BioWare sem hefur skapað fjölmarga stórbrotna og öfluga heima í gegnum árin.





Þetta er leikarinn Roger Clark sem hér fagnar glaður í bragði verðlaunum sínum sem besti leikarinn á Game Awards-leikjahátíðinni, en Roger talaði fyrir Arthur Morgan í hinum vinsæla leik, *Red Dead Redemption 2*.



Þessi hópur kom upp á svið á Game Awards-hátíðinni og tók við verðlauninum fyrir leik ársins en þau féllu að þessu sinni í hlut *God of War*. Lengst til hægri má sjá þá Christopher Judge og Sunny Suljic sem töluðu fyrir aðalpersónur leiksins, feðgana Kratos og Atreus. Þess ber að geta að þeir fimm leikir aðrir sem tilnefndir voru til þessara verðlauna voru *Assassin's Creed Odyssey*, *Monster Hunter: World*, *Celeste*, *Spider-Man* og að sjálfsgöðu *Red Dead Redemption 2*.



Félagarnir Paul Dano og Ethan Hawkes taka hér við klappi áhorfenda eftir frumsýningu á leikritinu *True West* eftir Sam Shepard í The American Airlines-leikhúsinu við 42. stræti á Broadway í New York 24. janúar.



Matthew McConaughey var fjallhress og brosti breitt 23. janúar í New York þegar hann kom ásamt eiginkonu sinni Camilu Alves á forsyningu myndarinnar *Serenity* sem hann leikur aðalhlutverkið í.



Kristen Stewart var hins vegar í París 24. janúar þar sem hún sótti tiskusýningarviku tiskuvörurisans Chanel og sendi friðarmerkið til aðdáenda. Eins og sjá má var rigning í París, ef ekki slydda.